

Fangageymslur í Borgarnesi og á Akranesi

Lögreglustjórinn á Vesturlandi

Nóvember 2025

Heimsóknarskýrsla



Útgefandi

Umboðsmaður Alþingis
Reykjavík
2025

Hönnun & umbrot

Kolofon hönnunarstofa

Ljósmyndir

Starfsfólk
umboðsmanns Alþingis

Leturgerðir

PT Serif
Funnel Sans

ISSN

3119-0006

OPCAT-eftirlit með aðstæðum frelsissviptra

Fangageymslur í Borgarnesi og á Akranesi

Lögreglustjórnin á Vesturlandi

Nóvember 2025

Heimsóknarskýrsla

Efnisyfirlit

1	Undirbúningur og framkvæmd heimsóknar	4
2	Niðurstöður	5
	Samantekt	
	Tilmæli og ábendingar	
3	Almennar upplýsingar	13
4	Aðbúnaður	14
	Almennt	
	Fangageymslan á Akranesi	
	Fangageymslan í Borgarnesi	
	Aðbúnaður til vistunar barna	
5	Inngrip og valdbeiting	25
	Almennt	
	Leit	
	Munavarsla	
	Myndvöktun	
6	Eftirlit með vistuðum, skráning og upplýsingagjöf	32
	Eftirlit með vistuðum	
	Skráning	
	Upplýsingagjöf	
7	Starfsfólk	39
	Almennt	
	Menntun og þjálfun	
8	Heilbrigðisþjónusta	41
	Almennt	
	Læknisaðstoð	
	Úrræði fyrir einstaklinga með geðræn einkenni	
	Sjálfsvígs- og sjálfsskaðahætta	
9	Kvörtunar- og kæruleiðir	45
	Almennt	
	Kvörtunar- og kæruleiðir	
10	Eftirfylgni	47

1

Undirbúningur og framkvæmd heimsóknar

Heimsókn umboðsmanns Alþingis í fangageymslur lögreglustjórans á Vesturlandi í Borgarnesi og á Akranesi fór fram 8.-9. júlí 2024. Um var að ræða fimmtu heimsókn umboðsmanns í fangageymslur lögreglu á grundvelli OPCAT-eftirlits, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis.¹ Lögreglustjóranum var að þessu sinni tilkynnt um nákvæma dagsetningu heimsóknar umboðsmanns með nokkurra daga fyrirvara.

Hinn 14. mars 2024 var óskað eftir upplýsingum og gögnum um vistun og aðbúnað í fangageymslunum. Meðal annars var óskað eftir gögnum um valdbeitingu, líkamsleitir og líkamsrannsóknir og aðgang að heilbrigðisþjónustu, auk upplýsinga um verklag sem gildir um starfsemina og meðferð vistaðra. Umbeðin gögn bárust umboðsmanni 11. júní 2024. Í kjölfar heimsóknarinnar var tvívegis óskað eftir viðbótargögnum sem bárust 20. september 2024 og 30. apríl 2025.

Athugun umboðsmanns beindist einkum að aðstöðu, aðbúnaði og meðferð þeirra sem eru í haldi lögreglunnar á Vesturlandi. Í heimsókninni könnuðu starfsmenn umboðsmanns aðstæður og ræddu við starfsfólk og stjórnendur. Þar sem enginn var vistaður í fangaklefa meðan á heimsókninni stóð var ekki rætt við vistaða einstaklinga.

Eftirfarandi starfsmenn umboðsmanns tóku þátt í heimsókninni:

Elísabet Ingólfssdóttir (lögfræðingur á sviði frumkvæðismála og OPCAT).

Svava Gerður Ingimundardóttir (lögfræðingur á sviði frumkvæðismála og OPCAT).

Vilhelmína Ósk Ólafsdóttir (skrifstofustjóri á sviði frumkvæðismála og OPCAT).

1 Umboðsmaður hefur áður heimsótt fangageymsluna á lögreglustöðinni við Hverfisgötu: (https://www.umbodsmadur.is/asset/10049/uma_opcat_heimsoknarskyrsla_logreglustodin_final.pdf) fangageymslu lögreglunnar á Suðurnesjum: (<https://www.umbodsmadur.is/asset/10134/opcat-fangageymslur-a-sudurnesjum.pdf>) fangageymslur lögreglustjórans á Norðurlandi eystra á Akureyri og Siglufirði: (<https://www.umbodsmadur.is/asset/10224/opcat-lne-fangageymslur.pdf>) og fangageymslu lögreglustjórans á Suðurlandi á Selfossi: (<https://www.umbodsmadur.is/asset/10284/opcat-skyrsla-fangageymsla-a-sudurlandi.pdf>)

2

Niðurstöður

2.1

Samantekt

Heimsóknin

Umboðsmaður Alþingis heimsótti fangageymslur lögreglustjórans á Vesturlandi í Borgarnesi og á Akranesi 8.-9. júlí 2024 á grundvelli OPCAT-eftirlits embættisins. Athugun umboðsmanns beindist að vistunum einstaklinga í fangageymslum lögreglustöðvanna, aðbúnaði þar og almennu verklagi svo og starfsháttum lögreglu í tengslum við vistanirnar.

Handteknir einstaklingar í umdæmi lögreglunnar á Vesturlandi eru að jafnaði vistaðir á lögreglustöðinni á Akranesi en fangageymslan í Borgarnesi er aðeins notuð fyrir vistanir til skamms tíma. Á eins árs tímabili fyrir heimsóknina voru 43 vistanir skráðar í fangageymslunum tveimur.

Aðbúnaður

Í skýrslunni eru sett fram ýmis tilmæli vegna aðbúnaðar í fangageymslunum, svo sem í tengslum við möguleika vistaðra til að fylgjast með hvað tímanum líður, ljósastýringu, skort á dagsbirtu í klefum og staðsetningu bjallna.

Því er komið á framfæri við lögreglustjórann að fangaklefar í Borgarnesi séu undir stærðarviðmiðum sem sett eru fram í alþjóðlegum viðmiðum fyrir lengri vistanir og henti af þeim sökum síður fyrir vistanir sem vara lengur en í nokkrar klukkustundir. Þá er bent á að hlíf inn af hlerum á veggjum klefanna á Akranesi kunni að skerða yfirsýn inn í þá. Því er beint til lögreglustjórans að taka til skoðunar hvort svo sé og að þá sé þörf á að nota aðrar leiðir við rauneftirlit.

Í skýrslunni er því beint til lögreglustjórans að gera endurbætur á öryggi hreinlætisaðstöðu í Borgarnesi og á Akranesi vegna hættu á að vistaðir geti skaðað sjálfa sig en þar eru meðal annars utánáliggjandi lagnir og brjótanleg hreinlætistæki. Hvað aðstöðuna í Borgarnesi varðar, þar sem hurð nær ekki upp í dyrakarm, er því beint til lögreglustjórans að taka til skoðunar hvort tryggja megi frekara næði ef það er metið sem svo að sá sem notar aðstöðuna þurfi ekki að vera í sjónmáli.

Leit og varðveisla muna

Í heimsókn umboðsmanns kom fram að þær aðstæður gætu komið upp að ekki væri til staðar lögreglumaður af sama kyni og hinn vistaði til að framkvæma öryggisleit á viðkomandi, þótt það heyrði til undantekninga. Af því tilefni var þeirri ábendingu komið á framfæri við lögreglustjóra að leita leiða til að tryggja að lögreglumaður sem framkvæmir öryggisleit á lögreglustöð sé ávallt af sama kyni og leitarþoli.

Umboðsmaður hefur lagt áherslu á að fyrir hendi sé svigrúm til einstaklingsbundins mats á nauðsyn íþyngjandi ákvarðana. Í skýrslunni er í því samhengi meðal annars vikið að varðveislu muna sem teknir eru úr fórum manna sem vistast í fangageymslu. Í heimsókninni kemur fram að almennt sé metið hvort þörf sé á að fjarlægja muni áður en einstaklingar eru færðir í klefa. Er slík framkvæmd að mati umboðsmanns jákvæð. Það vakti athygli að skriflegar verklagsreglur embættisins gera hins vegar kröfu um að allir munir séu fjarlægðir áður en einstaklingur fer í klefa. Í skýrslunni er bent á að verklagið endurspegli þannig ekki raunverulega framkvæmd og því beint til lögreglustjóra að endurskoða skriflegt verklag með það að markmiði að samræma það framkvæmdinni. Jafnframt er því beint til lögreglustjórans að taka til skoðunar hvort haga þurfi geymslu muna, sem nú eru geymdir í körfum fyrir utan klefana, með öðrum hætti, til dæmis með því að koma upp læstum hirslum.

Myndvöktun og rauneftirlit með vistuðum

Í heimsókninni kom fram að stöðug myndvöktun sé viðhöfð í öllum fangaklefum. Á það er bent að þótt myndvöktun geti dregið úr líkum á ómannlegri eða vanvirðandi meðferð, fyrirbyggt sjálfsvíg, sjálfsskaða og ofbeldisatvik, auk þess sem hún kann að vera vægara úrræði en stöðugt rauneftirlit, svo sem þegar einstaklingur reynir að hvílast, feli hún engu að síður í sér takmörkun á friðhelgi einkalífs. Í ljósi grundvallarréttar manna til friðhelgi einkalífs og reglna um persónuvernd hefur umboðsmaður bent á að meta þurfi á einstaklingsbundnum grundvelli hvort viðhafa þurfi stöðuga myndvöktun. Að teknu tilliti til þess hve flókið getur reynst fyrir lögreglu að leggja mat á þessar aðstæður, meðal annars vegna þess hve skamman tíma einstaklingar dvelja að jafnaði í fangageymslu, hefur umboðsmaður komið á framfæri þeirri ábendingu við ríkislögreglustjóra hvort tilefni sé til að gera tillögur að almennu verklagi við myndvöktun.

Það er grundvallarforsenda þess að lögregla geti gætt öryggis þeirra sem vistast í fangageymslum að viðhaft sé viðhlítandi eftirlit með þeim sem þar vistast. Í verklagsreglum lögreglustjórans á Vesturlandi er ekki að finna fyrirmæli um hversu oft beri að sinna rauneftirliti með vistuðum. Í heimsókninni kom fram að mismunandi væri hvort starfsmenn viðhefðu eftirlit á korters, hálf tíma eða klukkustundar fresti. Þótt myndefnir sé stöðugt benti umboðsmaður á að slíkt eftirlit eigi ekki að viðhafa á kostnað beinna samskipta við handtekna einstaklinga.

Af því tilefni er þeim tilmælum beint til lögreglustjórans að tryggja að reglubundið rauneftirlit sé haft með vistuðum ásamt því að taka til skoðunar hvort tilefni sé til að hafa skriflegt verklag um framkvæmd þess.

Í ljósi öryggis starfsmanna og þeirra sem vistaðir eru í fangageymslum kom umboðsmaður á framfæri ábendingu til lögreglustjóra um að leitast við að tryggja að starfsfólk sem sinnir eftirliti með vistuðum sé ekki einsamalt á lögreglustöðinni á meðan vistun stendur yfir. Að sama skapi var ábendingum komið á framfæri í tengslum við lágan styrk hljóðmerkis í fangageymslunni á Akranesi og bent á nauðsyn þess að tryggt sé að starfsmenn í fangageymslum heyri hljóðmerki frá bjöllu í klefum.

Skráning

Viðhlítandi skráning er mikilvæg og þjónar því hlutverki að auka réttaröryggi þeirra sem vistast í fangageymslum. Í reglugerð um réttarstöðu handtekinna manna, yfirheyrslur hjá lögreglu o.fl. eru tilteknar skyldur lagðar á lögreglu í tengslum við skráningu um vistanir í fangageymslum. Í því samhengi beinir umboðsmaður þeim tilmælum til lögreglustjórans að tryggja að eftirlit sem haft er með vistuðum sé ávallt skráð í vistunarskýrslu, skráningu muna sé sinnt og tryggt sé að hinn vistaði skrifi undir munaskýrslu við afhendingu muna að lokinni vistun.

Tilkynningar til aðstandenda

Í heimsókninni komu fram atriði sem bentu til að ástæða kynni að vera til að ítreka rétt vistaðra manna til að gera nánnum aðstandendum viðvart um vistun í fangageymslu. Þá varð ráðið að óskir um slíkar tilkynningar væru ekki skráðar með viðhlítandi hætti. Einnig virtist kunna að skorta á að viðeigandi málsmeðferð væri fylgt þegar ákvörðun er tekin um að fresta tilkynningu til aðstandenda. Þar sem staðlað skýrsluform gerir ekki ráð fyrir slíkum skráningum er þeirri ábendingu komið á framfæri við ríkislögreglustjóra að taka til skoðunar hvort tilefni sé til að bæta skráningarmöguleika um þessi atriði í skýrsluformið.

Menntun og þjálfun starfsfólks

Lögreglumenn á vakt sinna eftirliti með vistuðum í fangageymslum. Lögreglustjórinn hefur sett sér stefnu um að 90% lögreglumanna innan embættisins hafi tilhlýðilega menntun. Í því sambandi hefur lögreglustjórinn innleitt hvata í launakerfi fyrir lögreglumenn sem stunda nám í lögreglufræðum.

Að teknu tilliti til þeirra skyldna sem lögreglumenn gegna við vistun handtekinna manna er að mati umboðsmanns þörf á að tryggja viðunandi þjálfun, fræðslu og

sí- og endurmenntun þar sem tekið er fullnægjandi mið af þeim skyldum sem lögregla hefur við vistun handtekinna í fangageymslu. Beinir umboðsmaður því til lögreglustjórans á Vesturlandi, eftir atvikum í samstarfi við ríkislögreglustjóra og dómsmálaráðherra, að gæta að framangreindum atriðum.

Frávik í fangageymslum

Engin skráð tilvik voru um sjálfsskaða eða sjálfsvígstilraunir í fangaklefum lögreglustjórans á Vesturlandi en í heimsókninni kom fram að ástæða kynni að vera til að skerpa á skráningum um frávik í fangageymslunum. Í ljósi þess beindi umboðsmaður því til lögreglustjórans að tryggja að skráningu um frávik, einkum í tengslum við sjálfsskaðatilvik, væri sinnt með fullnægjandi hætti.

Kvörtunar- og kæruleiðir

Í heimsókninni kom fram að einstaklingum væri ekki kerfisbundið veittar leiðbeiningar um mögulegar kær- og kvörtunarleiðir heldur eingöngu ef þeir sýndu vilja til að koma á framfæri athugasemdum við vistunina. Beindi umboðsmaður því til lögreglustjórans að tryggja að mögulegar kvörtunar- og kæruleiðir væru kynntar kerfisbundið og starfsmönnum leiðbeint um hvernig bæri að gæta að þessum réttindum þeirra sem vistaðir eru í fangageymslu.

2.2

Tilmæli og ábendingar

Aðbúnaður á Akranesi

Gera þarf handteknum mönnum kleift að sjá hvað tímanum líður á meðan þeir dvelja í fangaklefa.

Ef notast á við hlera á vegg fangaklefa við raunefirlit með þeim sem þar eru vistaðir verður að taka til skoðunar hvort hlíf inn af hleranum komi í veg fyrir að sá sem sinnir eftirlitinu hafi fullnægjandi yfirsýn yfir klefann. Ef svo er þarf að notast við aðrar leiðir við raunefirlit.

Endurskoða þyrfti staðsetningu bjallna í klefum svo að þær verði aðgengilegri fólki með hreyfihömlun og öðrum sem hafa skerta hreyfigetu, til dæmis vegna ölvunar eða lyfjaáhrifa.

Leita þyrfti leiða til þess að gera handteknum mönnum kleift að stýra lýsingu inni í klefum, óháð því hvort einnig verði hægt að stýra henni að utan, eins og nú er. Á það ekki síst við með hliðsjón af því að ekki er aðgengi að dagsbirtu í klefunum þar sem þeir eru gluggalausir.

Gera þarf endurbætur á hreinlætisaðstöðu í fangageymslu á Akranesi með tilliti til öryggis þeirra sem þar vistast.

Sjá þarf til þess að tíðavörur standi konum sem vistast í fangageymslu til boða endurgjaldslaust. Gæta skal þess að þær fái vitneskju um að þær geti óskað eftir slíkum vörum. Þá skal tryggt að tíðavörur sem lögreglan útvegar séu með þeim hætti að þær fullnægi ólíkum þörfum kvenna og aðgengi að vörunum sé þannig háttað að það sé konunum ekki til ama að óska eftir þeim eða losa sig við þær.

Aðbúnaður í Borgarnesi

Endurskoða þyrfti staðsetningu bjallna í klefum svo þær verði aðgengilegri fólki með hreyfihömlun og öðrum sem hafa skerta hreyfigetu, til dæmis vegna ölvunar eða lyfjaáhrifa.

Leita þyrfti leiða til þess að gera handteknum mönnum kleift að stýra lýsingu inni í klefum, óháð því hvort einnig verði hægt að stýra henni að utan, eins og nú er.

Hafa þarf í huga að fangaklefar í Borgarnesi eru undir stærðarviðmiðum fyrir lengri vistanir og henta því ekki fyrir vistanir sem vara lengur en í nokkrar klukkustundir.

Taka þarf til skoðunar hvort unnt sé að haga málum þannig að vistaðir geti notað salerni í næði ef ekki er talin ástæða til þess að viðkomandi sé í sjónmáli meðan á salernisferð stendur.

Gera þarf endurbætur á hreinlætisaðstöðu í fangageymslu í Borgarnesi með tilliti til öryggis þeirra sem þar vistast.

Sjá þarf til þess að tíðavörur standi konum sem vistast í fangageymslu til boða endurgjaldslaust. Gæta skal þess að þær fái vitneskju um að þær geti óskað eftir slíkum vörum. Þá skal tryggt að tíðavörur sem lögreglan útvegar séu með þeim hætti að þær fullnægi ólíkum þörfum kvenna og aðgengi að vörunum sé þannig háttað að það sé konunum ekki til ama að óska eftir þeim eða losa sig við þær.

Inngrip og valdbeiting

Leita ætti leiða til að tryggja að sá lögreglumaður sem framkvæmir öryggisleit á lögreglustöð sé ávallt af sama kyni og leitarþoli.

Taka þyrfti skriflegt verklag til endurskoðunar hvað varðar muni sem fjarlægðir eru úr fórum hins handtekna fyrir vistun í fangaklefa. Er þá einkum haft í huga að verklagið endurspeglar ekki þá jákvæðu framkvæmd sem virðist í raun tíðkast hjá embættinu, þ.e. að meta sérstaklega á einstaklingsbundnum grundvelli hvort fjarlægja þurfi muni úr fórum einstaklinga, svo sem heyrnartæki eða gleraugu.

Taka ætti til skoðunar hvort sá háttur sem hafður er á við munavörslu sé nægilega öruggur eða hvort haga þurfi geymslu munanna með öðrum hætti, til dæmis þannig að unnt sé að stýra aðgengi að þeim með því að geyma þá í læstum hirslum.

Taka þarf framkvæmd myndvöktunar til skoðunar með það í huga hvort unnt sé að haga henni þannig að metið sé í hverju tilviki hvort ástæða sé til að láta mann sem vistaður er í fangageymslu sæta stöðugri myndvöktun.

Eftirlit með vistuðum, skráning og upplýsingagjöf

Tryggja þarf að reglubundið rauneftirlit sé haft með vistuðum í fangageymslum. Jafnframt verði tekið til skoðunar hvort tilefni sé til að hafa skriflegt verklag um framkvæmd eftirlitsins, meðal annars hversu reglubundið það skuli vera. Í þessu sambandi sé haft í huga að myndeftilrit kemur ekki í stað rauneftirlits.

Í ljósi þess að þegar bjöllu er hringt í fangaklefum á Akranesi heyrir hljóðmerki aðeins einu sinni og heyrir þar að auki illa, ætti að taka til skoðunar hvort unnt sé að gera breytingar sem eru til þess fallnar að tryggja að merkið berist örugglega viðtakendum, svo sem með því að hækka styrk þess og hafa það stöðugt, í stað þess að það pípi aðeins einu sinni.

Leita ætti leiða til að starfsfólk sem sinnir eftirliti með vistuðum sé ekki einsamalt á lögreglustöðinni á meðan einstaklingur er vistaður í fangageymslu.

Gæta skal þess að þau atriði sem talin eru upp í 22. gr. reglugerðar nr. 651/2009, um réttarstöðu handtekinna manna, yfirheyrslur hjá lögreglu o.fl., séu ávallt skráð í vistunarskýrslur handtekinna.

Ávallt skal skrá það eftirlit sem haft er með vistuðum í fangaklefa.

Tryggja þarf að skráning þeirra muna sem teknir eru til varðveislu lögreglu í vistunar- og munaskýrslu sé í réttu horfi og ganga úr skugga um að viðkomandi undirriti munaskýrsluna þegar hann hefur veitt munum sínum viðtöku að vistun lokinni eða gera grein fyrir því í skýrslunni ef hann neitar að undirrita og ástæður þess.

Skrá skal óskir handtekings manns um tilkynningu til vandamanns ásamt upplýsingum um hvenær og hvernig orðið er við óskum hans eða eftir atvikum um að tilkynningu til vandamanns hafi verið frestað.

Haga þarf framkvæmd vistunar handtekinna manna í fangageymslu þannig að grundvallarréttur þeirra til að hafa samband við náinn vandamann sé tryggður.

Þeirri ábendingu er komið á framfæri við embætti ríkislögreglustjóra að taka til skoðunar hvort gera ætti ráð fyrir skráningu á tilkynningu til vandamanns á stöðluðu skýrsluformi, þar með talið hvort og hvenær orðið hafi verið við óskum hins vistaða eða eftir atvikum um að tilkynningu hafi verið frestað.

Starfsfólk

Lögreglustjórinn á Vesturlandi, eftir atvikum í samstarfi við ríkislögreglustjóra og dómsmálaráðherra, ætti að tryggja viðunandi þjálfun, fræðslu og sí- og endurmenntun lögreglumanna, svo þeir hafi þekkingu á helstu mannréttindaviðmiðum, löggjöf og öruggum valdbeitingaraðferðum og að þar sé tekið fullnægjandi mið af þeim skyldum sem lögregla hefur við vistun handtekinna manna.

Heilbrigðisþjónusta

Tryggja skal að skráning um frávík í fangageymslum, svo sem um sjálfs- skaðatilvik, sé í réttu horfi.

Kvörtunar- og kæruleiðir

Tryggja þarf að upplýsingar um mögulegar kvörtunar- og kæruleiðir séu kynntar kerfisbundið og að starfsmönnum sé leiðbeint sérstaklega um hvernig gæta beri að þessum réttindum þeirra sem vistaðir eru í fangageymslu.

3

Almennar upplýsingar

Aðalstöð lögreglustjórans á Vesturlandi er staðsett í Borgarnesi. Fangageymslur eru bæði á lögreglustöðinni í Borgarnesi og á Akranesi en í umdæminu er einnig að finna fangageymslur á lögreglustöðvunum í Ólafsvík og Stykkishólmi, sem komu þó ekki til skoðunar að þessu sinni. Einnig er lögreglustöð í Búðardal en samkvæmt upplýsingum frá lögreglustjóranum eru handteknir menn ekki vistaðir þar. Miðlæg rannsóknardeild lögreglustjórans er staðsett á Akranesi.²

Lögreglustöðin að Bjarnabraut 2 í Borgarnesi var tekin í notkun árið 1982 og þar eru nú þrír einmenningsklefar. Árið 1993 var lögreglustöðin að Þjóðbraut 13 á Akranesi tekin í notkun en þar eru nú fjórir einmenningsklefar. Áður voru fimm klefar á Akranesi og fjórir í Borgarnesi en þeim var fækkað þar sem ekki var talin þörf á þeim og rýmin tekin undir aðra starfsemi.

Á eins árs tímabili fyrir heimsóknina voru samtals 43 vistanir skráðar í fangageymslum á Akranesi og í Borgarnesi. Handteknir menn í umdæmi lögreglustjórans eru að jafnaði vistaðir á lögreglustöðinni á Akranesi. Á lögreglustöðinni í Borgarnesi getur einnig komið til þess að menn séu vistaðir en þó almennt aðeins til skamms tíma. Fangaklefar í Ólafsvík og Stykkishólmi eru einnig eingöngu notaðir fyrir stuttar vistanir.

² Sjá nánar á vefsíðu lögreglustjórans á Vesturlandi, <https://www.logreglan.is/logreglan/umdaemin/vesturland/> [sótt á vef 18. ágúst 2025].

4 Aðbúnaður

4.1

Almennt

Á meðal þess sem athuganir umboðsmanns Alþingis beinast að við OPCAT-eftirlit er aðbúnaður á þeim stöðum þar sem frelsissviptir dvelja og hvort aðstaða þar sé í samræmi við lög, reglur og viðmið um mannúð og mannvirðingu.³ Viðunandi aðbúnaður er mikilvægur þáttur í mannúðlegri meðferð frelsissviptra einstaklinga.

Í lögreglulögum eða reglugerðum settum með stoð í þeim er ekki að finna tiltekinn áskilnað um efnislegan aðbúnað í fangageymslum. Í verklagsreglum lögreglustjórans á Vesturlandi um fangelsun og meðferð handtekinna manna er heldur ekki fjallað sérstaklega um efnislegan aðbúnað.⁴

Í ákveðnum tilvikum getur slæmur aðbúnaður í varðhaldi falið í sér brot gegn 3. gr. mannréttindasáttmála Evrópu (MSE) sem hefur lagagildi hér á landi, sbr. lög nr. 62/1994. Í því sambandi getur meðal annars framboð af mat og drykk, persónulegt rými og hreinlæti vakið upp álitaefni, svo og tímalengd vistunar við bágan aðbúnað.⁵ Líkt og fram hefur komið í fyrri skýrslum umboðsmanns vegna heimsókna á lögreglustöðvar hafa fjölþjóðlegir eftirlitsaðilar sett fram viðmið þar sem mælst er til þess að ákveðnar grunnkröfur séu uppfylltar varðandi aðbúnað í fangaklefum lögreglu. Um þessi viðmið er einkum vísað til umfjöllunar í skýrslu umboðsmanns vegna heimsóknar í fangageymslu lögreglu á Hverfisgötu.⁶

4.2

Fangageymslan á Akranesi

Almennt eru handteknir menn í umdæminu fluttir á lögreglustöðina á Akranesi. Á það einkum við þegar fyrirséð er að um lengri vistun verði að ræða. Meðal ástæðna þess að fremur er notast við fangageymsluna á Akranesi við vistun handtekinna manna er að aðbúnaður þar er talinn heppilegri til lengri vistana auk þess sem auðveldara er að kalla til starfsfólk á bakvakt þar.

³ Þetta leiðir af 3. mgr. 10. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis.

⁴ Sbr. verklagsreglur lögreglustjórans á Vesturlandi frá 10. janúar 2019 um vistun handtekinna manna (óbirtar verklagsreglur).

⁵ Sbr. dóm Mannréttindadómstóls Evrópu, MDE, Ciorap gegn Moldóvu, mál nr. 12066/02, 19. júní 2007, málsgr. 70–71.

⁶ Sjá kafla 8.1 í Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í fangageymslu lögreglu við Hverfisgötu 15.–17. apríl 2019, bls. 48–49. Birt á vefslóð: https://www.umboðsmadur.is/asset/10049/uma_opcat_heimsoknarskyrsla_logreglustodin_final.pdf [sótt á vef 18. ágúst 2025].

Við flutning á lögreglustöð er framkvæmdin almennt sú að handteknir eru fluttir með bifreið inn í port fyrir aftan lögreglustöðina sem staðsett er í iðnaðarhverfi. Frá portinu er svo gengið beint inn í fangageymsluna.

Í fangageymslunni er hreinlætisaðstaða með salerni og sturtu. Þar er einnig viðtalsherbergi sem er notað til sýnatöku, svo sem þegar taka þarf blóðsýni úr handteknum. Engin séraðstaða er til staðar til að leita á fólki. Úr fangageymslunni er svo gengið inn á lögreglustöðina þar sem meðal annars er að finna skrifstofurými, kaffistofu og líkamsræktaraðstöðu. Í opnu rými eru skrifstofubásar þar sem fram fer myndvöktun þegar handteknir eru vistaðir í fangageymslu, auk þess sem þar er stjórnstöð sem tengd er bjöllum í klefunum.

Móttaka lögreglustöðvarinnar er við aðalinngang hennar. Þar er viðtalsherbergi með tveimur hurðum, önnur gengur að móttökunni en hin að lögreglustöðinni. Samkvæmt upplýsingum úr heimsókninni var hugmyndin við hönnun viðtalsherbergisins að gera fólki sem leitar aðstoðar lögreglu mögulegt að koma tilkynningum og kærum á framfæri við lögreglu í einrúmi.

4.2.1

Klefar

Á gangi fangageymslunnar eru fjórir einmenningsklefar sem eru rúmir sjö fermetrar að stærð hver. Engir gluggar eru á klefunum og er dagsbirta þar af leiðandi takmörkuð. Þá er aðeins hægt að stýra lýsingu í klefum utan frá. Klefahurðir eru úr stáli og eru bjöllur staðsettar fremur hátt uppi við dyr klefanna. Í hverjum klefa er steiptur bekkur ásamt dýnu með plastáklæði.⁷ Á vegg við hlið klefahurðanna er að finna hlera sem hægt er að opna að utanverðu. Hlíf er inn af hleranum sem byrgir sýn þess sem lítur inn um opið.⁸ Er sjónsvið þess sem horfir inn því ekki óhindrað og getur það gert lögreglumönnum erfiðara fyrir með að viðhafa eftirlit með vistuðum. Engin klukka er í fangaklefunum eða við þá sem gerir vistuðum erfitt fyrir með að fylgjast með hvað tímanum líður. Á veggjum klefanna er hins vegar að finna merkingar um að þar fari fram myndvöktun.

Í heimsókninni varð ekki annað séð en að klefum værið haldið snyrtilegum. Samkvæmt upplýsingum sem fengust í heimsókninni eru klefarnir þrífir eftir hverja notkun.

7 Sjá mynd 1.

8 Sjá mynd 2.

Mynd 1



Bekkur og dýna í fangaklefa á Akranesi

Mynd 2



Hleri sem horft er inn um þegar reglubundnu eftirliti er sinnt

Umboðsmaður Alþingis beinir eftirfarandi til **lögreglustjórans á Vesturlandi** varðandi aðbúnað í fangageymslu á Akranesi:

Tilmæli

- Gera þarf handteknum mönnum kleift að sjá hvað tímanum líður á meðan þeir dvelja í fangaklefa, meðal annars svo þeim sé unnt að gæta að réttindum sínum í tengslum við lengd vistunar.
- Ef notast á við hlera á vegg fangaklefa við rauneftirlit með þeim sem þar eru vistaðir verður að taka til skoðunar hvort hlíf inn af hleranum komi í veg fyrir að sá sem sinnir eftirlitinu hafi fullnægjandi yfirsýn yfir klefann. Ef svo er þarf að notast við aðrar leiðir við rauneftirlit.

Ábendingar

- Endurskoða þyrfti staðsetningu bjallna í klefum svo að þær verði aðgengilegri fólki með hreyfihömlun og öðrum sem hafa skerta hreyfingu, til dæmis vegna ölvunar eða lyfjaáhrifa.
- Leita þyrfti leiða til þess að gera handteknum mönnum kleift að stýra lýsingu inni í klefum, óháð því hvort einnig verði hægt að stýra henni að utan, eins og nú er. Á það ekki síst við með hliðsjón af því að ekki er aðgengi að dagsbirtu í klefum þar sem þeir eru gluggalausir.

4.2.2

Hreinlætisaðstaða

Evrópunefnd um varnir gegn pyndingum og ómannlegri og vanvirðandi meðferð eða refsingu (CPT-nefndin) hefur áréttað að gera eigi handteknum mönnum kleift að nota salerni eftir þörfum og að salernisaðstæður skuli vera hreinar og vel búnar. Þá skuli viðkomandi hafa aðgengi að fullnægjandi aðstöðu til þess að þrifa sig.⁹

Fangaklefar eru ekki búnir salernisaðstöðu en í fangageymslunni er sameiginleg hreinlætisaðstaða með salerni og handlaug ásamt sturtu.¹⁰ Unnt er að loka að sér þegar hreinlætisaðstaðan er notuð en ekki er hægt að læsa. Í heimsókninni varð ekki annað séð en að aðstöðunni væri haldið snyrtilegri og að handteknir gætu nýtt sér hana eftir þörfum.


9 Sjá *2nd General Report on the CPT's activities covering the period 1 January to 31 December 1991*. CPT/Inf(92)3, málsg. 42. Birt á vefslóð: <https://rm.coe.int/1680696a3f> [sótt á vef 18. ágúst 2025]. Sjá einnig *Monitoring places of detention*. A practical guide. Association for the Prevention of Torture (APT), apríl 2004, bls. 146–150. Birt á vefslóð: <https://www.apr.ch/sites/default/files/publications/monitoring-guide-en.pdf> [sótt á vef 18. ágúst 2025].

10 Sjá myndir 3 og 4.

Í fyrri skýrslum vegna heimsóknna í fangageymslur hefur umboðsmaður bent á að taka þurfi til skoðunar hvort þörf sé á að í fangageymslu sé til staðar hreinlætisaðstaða sem er útbúin með tilliti til öryggissjónarmiða. Liður í því sé að taka til skoðunar hvort skipta megi brjótanlegum hreinlætistækjum út fyrir öryggissalerni og öryggisvask ásamt því til dæmis að huga að utanáliggjandi lögnum og sturtubarka.¹¹

Í fangageymslunni á Akranesi er brjótanlegt salerni, vaskur og spegill auk þess sem lagnir á hreinlætistækjum eru utanáliggjandi. Þá er einnig sturtuhengi fyrir sturtunni. Vekur þessi aðbúnaður upp spurningar með tilliti til öryggissjónarmiða, þá einkum mögulegs sjálfsskaða. Þótt í heimsókninni hafi ekkert komið fram um að sjálfsskaðatilvik hefðu átt sér stað í tengslum við aðbúnaðinn er að mati umboðsmanns engu að síður ástæða til að benda á mögulega hættu sem af honum getur stafað.

Myndir 3 og 4



Hreinlætisaðstaða

11 Sjá til dæmis *Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í fangageymslur lögreglustjórans á Norðurlandi eystra 23. og 25. maí 2022*, bls. 21. Birt á vefslóð: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10224/opcat-lne-fangageymslur.pdf> [sótt á vef 18. ágúst 2025].

Líkt og umboðsmaður hefur áður fjallað um hafa konur að sumu leyti aðrar hreinlætisþarfir en karlar, svo sem vegna tíðablæðinga eða í tengslum við meðgöngu og brjóstagjöf. Um nánari umfjöllun um fjölþjóðleg viðmið í tengslum við hreinlætisþarfir kvenfanga vísast til þemaskýrslu umboðsmanns um konur í fangelsi, en í skýrslunni var meðal annars þeim tilmælum beint til fangelsanna á Hólmsheiði og að Sogni að kvenföngum skyldi tryggður aðgangur að tíðavörum þeim að kostnaðarlausu.¹²

Samkvæmt upplýsingum úr heimsókninni eru ekki fyrir hendi tíðavörur sérstaklega ætlaðar konum sem vistaðar eru í fangageymslu á lögreglustöðinni. Að sögn stjórnenda eru beiðnir um tíðavörur ekki algengar en ef að slík beiðni kæmi fram yrði umsvifalaust orðið við henni. Við komu í fangageymslu fá handteknar konur ekki upplýsingar um hvernig þær geti borið sig að ef þær þurfa á tíðavörum að halda meðan á vistun stendur. Í því sambandi er rétt að minna á að konur í haldi lögreglu ættu ekki að þurfa að upplifa skömm þegar óskað er eftir slíkum vörum.¹³ Þar sem ekki er hreinlætisaðstaða inni í fangaklefunum sjálfum er jafnframt mikilvægt að brugðist sé skjótt við óskum kvenna um aðgang að salerni og að þar sé hægt að losa sig við tíðavörur.

Umboðsmaður Alþingis beinir eftirfarandi til lögreglustjórans á Vesturlandi varðandi hreinlætisaðstöðu og aðgengi að tíðavörum í fangageymslu á Akranesi:

Tilmæli

- *Að gera endurbætur á hreinlætisaðstöðu með tilliti til öryggis þeirra sem þar vistast.*
- *Að sjá til þess að tíðavörur standi konum sem vistast í fangageymslu til boða endurgjaldslaust. Gæta skal þess að þær fái vitneskju um að þær geti óskað eftir slíkum vörum. Þá skal tryggt að tíðavörur sem lögreglan útvegar séu með þeim hætti að þær fullnægi ólíkum þörfum kvenna og aðgengi að vörunum sé þannig háttað að það sé konunum ekki til ama að óska eftir þeim eða losa sig við þær.*

12 Sjá Skýrslu umboðsmanns Alþingis um konur í fangelsi 2023, bls. 27–28. Birt á vefslóð: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10268/opcat-skyrsla-konur-i-fangelsi.pdf> [sótt á vef 18. ágúst 2025].

13 Til hliðsjónar má benda á að í athugasemdum við 5. gr. reglna Sameinuðu þjóðanna um meðferð kvenfanga og úrræði fyrir kvenkyns brotamenn á skilorði (Bangkok-reglnanna) segir meðal annars að konum í afplánun ætti að vera gert kleift að losa sig við notaðar tíðavörur á öruggan hátt og að þær skuli hafa möguleika á að nálgast slíkar vörur án þess að upplifa skömm, til dæmis þannig að þeim sé dreift af kvenkyns starfsmanni eða að vörurnar séu aðgengilegar án þess að sérstaklega þurfi að óska eftir þeim. Birt á vefslóð: https://www.unodc.org/documents/justice-and-prison-reform/Bangkok_Rules_ENG_22032015.pdf, bls. 25 [sótt á vef 18. ágúst 2025].

4.2.3

Aðstaða rannsóknardeildar

Miðlæg rannsóknardeild lögreglunnar á Vesturlandi er staðsett á Akranesi og hefur yfir skrifstofum, skýrslutökuherbergi og munageymslu að ráða. Í heimsókninni varð ekki annað séð en að aðstaða rannsóknardeildar sé góð. Í því sambandi má benda á að skýrslutökuaðstaðan, sem búin er sófasetti og sófaborði ásamt skrifborði og skrifborðsstólum, hefur hlýlegt yfirbragð.¹⁴ Að sögn stjórnenda var við hönnun rýmisins lögð áhersla á öryggi en á sama tíma lagt upp með að það væri hlýlegt. Að mati umboðsmanns er eftirtektarvert hve vel hefur tekist til við að samþætta öryggisþarfir og sjónarmið um mikilvægi þess að umhverfi sé hlýlegt í rýmum sem þessum.

Í munageymslu deildarinnar, sem er aðgangsstýrð, eru geymdir munir sem hafa verið haldlagðir vegna mála sem eru til rannsóknar, en einnig óskilamunir og ýmis búnaður lögreglu. Nokkur óreiða var í geymslunni en í heimsókninni kom fram að stjórnendur teldu að bæta þyrfti úr skipulagi og umgengni þar.

Mynd 5



Skýrslutökuherbergi á Akranesi

14 Sjá mynd 5.

4.3

Fangageymslan í Borgarnesi

Fangageymslan á lögreglustöðinni í Borgarnesi er yfirleitt aðeins notuð þegar um styttri vistanir er að ræða. Almenn er framkvæmdin þannig að handteknir eru fluttir á lögreglustöðina í lögreglubifreið sem ekið er inn í bílskúr hennar. Þaðan er gengið inn í fangageymsluna en til að komast þangað þarf að ganga í gegnum starfsmannarými þar sem meðal annars er að finna starfsmannasalerni og búningsaðstöðu starfsmanna þar sem þeir geta geymt muni sína. Í viðtölum við starfsmenn kom fram að aðstaðan væri ekki heppileg og að meðal annars hefðu komið upp tilvik þar sem dæmi væru um þjófnað á munum í eignum starfsmanna, svo sem fatnaði, við flutning einstaklinga í og úr fangageymslu.

Á fyrstu hæð lögreglustöðvarinnar er viðtals- og sýnatökuherbergi. Þar er unnt að eiga samskipti við lögreglu, svo sem leggja fram kæru. Þar fer jafnframt fram sýnataka af hálfu heilbrigðisstarfsmanna, svo sem vegna gruns um ölvunarakstur. Á herberginu eru gluggar með sandblásnum filmum svo hvorki sést inn né út um þá. Þegar gengið er út úr herberginu tekur við lítið alrými sem er vinnuaðstaða lögreglumanna. Frá henni er gengið upp stiga þar sem finna má skrifstofur sem tilheyrja starfseminni og kaffistofu starfsmanna.

Í heimsókninni kom fram að þröngt væri um starfsemina í Borgarnesi og að húsnæðið væri barn síns tíma. Í ljósi þess væru uppi áform um að byggja nýja lögreglustöð í Borgarnesi. Samkvæmt upplýsingum sem fengust við vinnslu skýrslunnar vinnur verkefnastjóri á vegum Framkvæmdasýslunnar-Ríkiseigna nú að áformum um byggingu nýrrar lögreglustöðvar.

4.3.1

Klefar

Á gangi fangageymslunnar eru þrír einmenningsklefar sem hver er tæplega fimm fermetrar að stærð en eins og komið hefur fram eru þeir almennt eingöngu notaðir við vistanir í nokkrar klukkustundir í senn.¹⁵ Í hverjum klefa er steypdur bekkur ásamt dýnu með plastáklæði.¹⁶ Klefahurðir eru úr stáli og á vegg við hlið þeirra er hleri sem hægt er að opna að utanverðu. Gluggar eru á klefunum og því berst dagsbirta inn í þá. Hins vegar er aðeins hægt að stýra lýsingu í klefunum utan frá. Engin klukka er í eða við fangaklefa sem gerir vistuðum kleift að fylgjast með hvað tímanum líður. Þá eru bjöllur staðsettar fremur hátt uppi við dyr klefa. Í heimsókninni varð ekki annað séð en að klefunum værið haldið snyrtilegum og fram kom að þeir væru þrífir eftir hverja notkun.

15 Samkvæmt viðmiðum CPT-nefndarinnar eiga einmenningsklefar á lögreglustöð sem ætlaðir eru fyrir vistanir í lengri tíma en nokkrar klukkustundir að vera að minnsta kosti sjö fermetrar að stærð. Sjá *Police custody. Extract from the 2nd General Report of the CPT*, birt árið 1992. CPT/Inf(92)3-part1, málsg. 43. Birt á vefslóð: <https://rm.coe.int/16806cea2f> [sótt á vef 18. ágúst 2025].

16 Sjá mynd 6.

Mynd 6



Bekkur og dýna í fangaklefa í Borgarnesi

Umboðsmaður Alþingis beinir eftirfarandi til lögreglustjórans á Vesturlandi varðandi aðbúnað í fangageymslu í Borgarnesi:

Tilmæli

- *Að gera ráðstafanir svo að handteknum mönnum verði kleift að sjá hvað tímanum líður á meðan þeir dvelja í fangaklefa, meðal annars svo þeim sé unnt að gæta að réttindum sínum í tengslum við lengd vistunar.*

Ábendingar

- *Að endurskoða þyrfti staðsetningu bjallna í klefum svo þær verði aðgengilegri fólki með hreyfihömlun og öðrum sem hafa skerta hreyfifgetu, til dæmis vegna ölvunar eða lyfjaáhrifa.*
- *Að leita þyrfti leiða til þess að gera handteknum mönnum kleift að stýra lýsingu inni í klefum, óháð því hvort einnig verði hægt að stýra henni að utan, eins og nú er.*
- *Að hafa í huga að fangaklefar í Borgarnesi eru undir stærðarviðmiðum fyrir lengri vistanir og henta því ekki fyrir vistanir sem vara lengur en í nokkrar klukkustundir.*

4.3.2

Hreinlætisaðstaða

Sameiginleg hreinlætisaðstaða er í fangageymslunni. Hreinlætisaðstöðunni er lokað með hurð sem nær ekki alla leið upp í toppstykki dyrakarmsins, en með því móti er starfsfólki að einhverju leyti unnt að hafa auga með og heyra í hinum handtekna meðan hann notar hreinlætisaðstöðuna. Nánar tiltekið er efri hluti sturtunnar sjáanlegur meðan hurðin er lokað og því ekki útilokað að sjáist til einstaklinga þegar þeir nota salernið.¹⁷ Að sögn starfsmanna er sturtan sjaldan notuð og reynt að veita handteknum næði til að nota salernið.

Myndir 7 og 8



Hreinlætisaðstaða

Umboðsmaður vék að því í skýrslu vegna heimsóknar í fangageymslu á Selfossi, þar sem sambærileg aðstaða er fyrir hendi, að í einhverjum tilvikum, svo sem vegna rannsóknar eða með tilliti til öryggishagsmuna, geti verið nauðsynlegt að hafa á einhvern hátt eftirlit með vistuðum öllum stundum, þar með talið þegar hreinlætisaðstaða er notuð. Í öðrum tilvikum væri þó ákjósanlegra, svo að ekki sé gengið óþarflega nærri friðhelgi einkalífs og mannlegri reisn þeirra sem vistast í fangageymslu, ef vistaðir hefðu kost á að nota salernisaðstöðu þar sem næði er tryggt.¹⁸

¹⁷ Sjá myndir 7 og 8.

¹⁸ Sjá Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í fangageymslu lögreglustjórans á Suðurlandi 4. júlí og 7.-8. júlí 2023, bls. 23-26. Birt á vefslóð: <https://www.umboðsmaður.is/asset/10284/opcat-skyrsla-fangageymsla-a-sudurlandi.pdf> [sótt á vef 18. ágúst 2025].

Eins og á lögreglustöðinni á Akranesi er í Borgarnesi brjótanlegt salerni, vaskur og spegill, auk þess sem lagnir eru utanálíggjandi. Þar er aftur á móti ekki sturtuhengi eins og á Akranesi. Sama ábending á við hér um öryggi hreinlætisaðstöðu og í kafla 4.2.2 varðandi hreinlætisaðstöðuna á Akranesi, þó að því gættu að aðstaðan í Borgarnesi er eingöngu ætluð fyrir styttri vistanir.

Loks eru áréttað tilmæli úr kafla 4.2.2 um að konur hafi greiðan og endurgjaldslausan aðgang að tíðavörum meðan þær vistast í fangaklefa. Liður í því er að þær séu upplýstar með viðeigandi hætti um aðgengi að vörunum og að brugðist sé skjótt við beiðnum um aðgengi að hreinlætisaðstöðu þar sem hægt sé að losa sig við tíðavörur.

Umboðsmaður Alþingis beinir eftirfarandi til lögreglustjórans á Vesturlandi varðandi hreinlætisaðstöðu í fangageymslu í Borgarnesi:

Tilmæli

- *Að taka til skoðunar hvort unnt sé að haga málum þannig að vistaðir geti notað salerni í næði ef ekki er talin ástæða til þess að viðkomandi þurfi að vera í sjónmáli meðan á salernisferð stendur.*

4.4

Aðbúnaður til vistunar barna¹⁹

Í fjölbjóðlegum viðmiðum er lagt til grundvallar að leitast beri við að vista börn í barnvænum úrræðum frekar en í hefðbundnum fangageymslum. Lögð er áhersla á að börn vistist í umhverfi sem hæfi aldri þeirra og þroska.²⁰ Allir fangaklefar á lögreglustöðvunum eru hefðbundnir og bera þess merki að vera hannaðir til vistunar fullorðinna við hátt öryggisstig og þar er engin sérútbúin aðstaða til að vista börn.

Á árstímabili voru skráðar tvær vistanir barna. Upplýst var að önnur vistunarskýrslanna hefði verið gerð fyrir mistök. Í viðtölum við stjórnendur kom fram að almennt væru börn ekki vistuð í fangaklefa heldur komið í umsjá barnaverndaryfirvalda. Þegar bið væri eftir fulltrúa frá barnavernd væri leitast við að sitja með börnunum í þægilegra rými, svo sem í skrifstofurými, en ekkert formlegt verklag væri þó fyrir hendi um slíkar vistanir.

19 Hér er stuðst við skilgreiningu á hugtakinu *barn* í 1. mgr. 3. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, en þar segir að með börnum sé átt við einstaklinga yngri en 18 ára.

20 Hér er átt við einstaklinga undir 18 ára aldri, sjá *Juveniles deprived of their liberty under criminal legislation. Extract from the 24th General Report of the CPT*, birt árið 2015. CPT/Inf(2015)1-part rev1, málsgr. 96 og 99. Birt á vefslóð: <https://rm.coe.int/16806ccb96> [sótt á vef 18. ágúst 2025].

5 Inn grip og valdbeiting

5.1

Almennt

Við OPCAT-eftirlitið er sjónum beint sérstaklega að því hvort að í einhverjum tilvikum séu viðhafðar athafnir eða aðgerðir gagnvart frelsissviptum mönnum sem geti talist fela í sér pyndingar eða aðra grimmilega, ómannlega eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Vísast í því sambandi til nánari umfjöllunar um lagagrundvöll inn gripa, þvingana og valdbeitingar í fangageymslum í skýrslu umboðsmanns vegna heimsóknar í fangageymslu lögreglustöðvarinnar á Hverfisgötu.²¹

Á meðal þess sem kannað var í heimsókn umboðsmanns í fangageymslurnar á Akranesi og í Borgarnesi var hvaða inn gripum kynni að vera beitt þar. Ekki komu upp sérstök álitamál í tengslum við þær aðferðir sem notaðar eru þegar beita þarf líkamlegum þvingunum, tíðni þeirra eða notkun valdbeitingartækja. Mun umfjöllun kaflans því einskorðast við leit á handteknum, varðveislu muna sem teknir eru úr fótum þeirra og myndvöktun í fangageymslu.

5.2

Leit

Lögregla hefur heimild ef ástæða er til að leita að vopnum eða öðrum hættulegum munum á hverjum þeim sem fjarlægður er eða handtekinn af lögreglu.²² Sé maður vistaður í fangageymslu er lögreglu heimilt að leita á honum og taka til varðveislu muni sem hann ber utan á sér og getur notað til þess að vinna sjálfum sér eða öðrum tjón. Ef ástand manns eða aðstæður að öðru leyti gefa tilefni til er enn fremur heimilt að taka af honum peninga og muni sem hann hefur á sér og hætta þykir á að geti skemmst, eyðilagst eða glatast.²³ Er heimild til þess að leita að og

21 Sjá Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í fangageymslu lögreglustöðvarinnar við Hverfisgötu 15.–17. apríl 2019, 5.–7. kafli. Birt á vefslóð: https://www.umbodsmadur.is/asset/10049/uma_opcat_heimsoknarskyrsla_logreglustodin_final.pdf [sótt á vef 18. ágúst 2025].

22 Sbr. 1. mgr. 17. gr. lögreglulaga nr. 90/1996. Í 3. mgr. 93. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála, er kveðið á um að leita megi á handteknum manni og taka af honum muni sem hann hefur á sér. Skila skuli muninum aftur þegar handtöku lýkur nema hald hafi verið lagt á þá samkvæmt 1. mgr. 68. gr. laganna.

23 Sbr. 2. mgr. 17. gr. lögreglulaga nr. 90/1996.

fjarlægja muni þannig víðtækari þegar maður er vistaður í fangageymslu heldur en þegar eingöngu er um það að ræða að maður sé fjarlægður eða handtekinn.²⁴

Í ákvæðum lögreglulaga um leit á mönnum, er ekki gerð krafa um að lögreglumaður sem leitar á einstaklingi sé sama kyns. CPT-nefndin hefur hins vegar lagt til grundvallar að starfsmaður sem sjái um leit eigi að vera af sama kyni og hinn frelsissvipti.²⁵ Af fyrri heimsóknnum umboðsmanns í fangageymslur lögreglu verður ekki annað ráðið en að það verklag tíðkist almennt á lögreglustöðvum.²⁶

Samkvæmt upplýsingum úr heimsókninni fer fyrsta öryggisleit á handteknum manni yfirleitt fram við handtöku. Við komu á lögreglustöð er síðan jafnan framkvæmd ítarlegri leit á viðkomandi. Er hún fyrst og fremst framkvæmd í því skyni að tryggja öryggi hins handtekna og annarra og tryggja að munir eyðileggist ekki.

Af viðtölum við starfsmenn lögreglustjórans á Vesturlandi varð ráðið að almennt sé gengið út frá því að öryggisleit sé framkvæmd af lögreglumanni sama kyns og sá sem leitað er á. Það geti þó komið upp tilvik þar sem lögreglumaður af sama kyni sé ekki til staðar á vettvangi, þ.e. þar sem handtakan fer fram eða fólk er fjarlægt eða vísað á brott, og sé þá stuðst við leitaradferð þar sem klappað er með handarbaki utanklæða við leit. Þá geti starfsmaður af öðru kyni beðið leitarþola um að tæma vasa. Þar sem leit á lögreglustöð sé allajafna ítarlegri og nærgöngulli sé leitast við að lögreglumaður sama kyns framkvæmi þá leit. Þær aðstæður geti þó komið upp á lögreglustöð að ekki sé til staðar lögreglumaður af sama kyni til að framkvæma leitina, þótt það heyri til algjörra undantekninga.

Umboðsmaður Alþingis beinir eftirfarandi til lögreglustjórans á Vesturlandi varðandi öryggisleit á lögreglustöð:

Ábending

- *Að leita leiða til að tryggja að sá lögreglumaður sem framkvæmi öryggisleit á lögreglustöð sé ávallt af sama kyni og leitarþoli.*

24 Sbr. 2. mgr. 17. gr. lögreglulaga nr. 90/1996. Sjá athugasemdir við 17. gr. í greinargerð með frumvarpi til lögreglulaga nr. 90/1996, 120. löggj.þ. 1995–1996, þskj. 1180. Vefutgáfa Alþingistiðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altext/120/s/0783.html> [sótt á vef 18. ágúst 2025].

25 Sjá 10th General Report on the CPT's activities covering the period 1 January to 31 December 1999, published in 2000, CPT/Inf(2000)13, málsgr. 23. Birt á vefslóð: <https://rm.coe.int/1680696a74> [sótt á vef 18. ágúst 2025].

26 Sjá Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í fangageymslu lögreglustöðvarinnar við Hverfisgötu 15.–17. apríl 2019, bls. 38. Birt á vefslóð: https://www.umbodsmadur.is/asset/10049/uma_opcat_heimsoknarskyrsla_logreglustodin_final.pdf [sótt á vef 18. ágúst 2025] og Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í fangageymslur lögreglustjórans á Norðurlandi eystra 23. og 25. maí 2022, bls. 13. Birt á vefslóð: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10224/opcat-lne-fangageymslur.pdf> [sótt á vef 18. ágúst 2025].

Munavarsla

Eins og kemur fram í kafla 5.2 er lögreglu heimilt að leita á mönnum sem vistast í fangageymslu og taka til varðveislu muni sem þeir hafa í sínum fórum og geta notað sjálfum sér eða öðrum til tjóns. Ef ástand manns eða aðstæður að öðru leyti gefa tilefni til er heimilt að taka af honum peninga og muni sem hann hefur á sér og hætta þykir á að geti skemmst, eyðilagst eða glatast.²⁷ Í ljósi þess að einungis er um heimildarákvæði að ræða, grundvallarreglunnar um friðhelgi einkalífs og meginreglu stjórnsýsluréttar um meðalhóf ætti þó ávallt að þurfa að leggja mat á nauðsyn inngripa af þessu tagi.²⁸ Umboðsmaður hefur lagt áherslu á nauðsyn þess að fyrir hendi sé svigrúm til einstaklingsbundins mats á því hvaða munir séu teknir af þeim sem til stendur að vista í fangageymslu og varðveittir af lögreglu meðan á vistun stendur.²⁹

Í verklagsreglum lögreglustjórans á Vesturlandi kemur fram að framkvæma skuli fullnægjandi öryggisleit áður en einstaklingur er færður í fangaklefa. Hann megi ekki fara með neitt inn í klefa nema fötin sem hann er í. Í reglunum segir jafnframt að telja beri peninga í votta viðurvist og huga sérstaklega að því sem einstaklingur geti skaðað sig á, svo sem belti, skóreimum, snúrum, lyfjum, fíkniefnum og eldfærum.³⁰

Þótt lögin veiti þannig svigrúm að þessu leyti er verklagi samkvæmt reglum embættisins þannig háttað að svigrúmið til mats á því hvaða munir eru teknir af handteknum til varðveislu lögreglu hefur verið verulega takmarkað. Í viðtölum við starfsmenn kom aftur á móti fram að það væri metið hverju sinni hvort einstakir munir væru teknir áður en einstaklingur væri færður inn í klefa. Þannig yrðu hlutir eins og gleraugu og heyrnartæki ekki endilega tekin af mönnum. Af því verður ráðið að í framkvæmd sé að einhverju marki lagt mat á það í hverju tilviki hvaða muni skuli taka af handteknum fyrir vistun í fangageymslu og verður að telja þá framkvæmd til eftirbreytni, þegar henni verður komið við. Það, hversu fastmótað verklagið er og eftirlætur starfsmönnum lítið svigrúm til mats, vekur því upp

27 Sbr. 2. mgr. 17. gr. lögreglulaga nr. 90/1996.

28 Sjá Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í fangageymslu lögreglustöðvarinnar við Hverfisgötu 15.–17. apríl 2019, bls. 43. Birt á vefslóð: https://www.umbodsmadur.is/asset/10049/uma_opcat_heimsoknarskyrsla_logreglustodin_final.pdf [sótt á vef 18. ágúst 2025]. Sjá einkum í þessu sambandi 3. mgr. 71. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, 2. mgr. 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, og 12. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

29 Sjá Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í fangageymslu lögreglustjórans á Suðurlandi 4. júlí og 7.–8. júlí 2023, bls. 13–14. Birt á vefslóð: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10284/opcat-skyrsla-fangageymsla-a-sudurlandi.pdf> [sótt á vef 18. ágúst 2025], Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í fangageymslu lögreglustjórans á Suðurnesjum 20.–21. janúar og 13.–14. febrúar 2021, bls. 12–13. Birt á vefslóð: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10134/opcat-fangageymslur-a-sudurnesjum.pdf> [sótt á vef 18. ágúst 2025] og Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í fangageymslu lögreglustöðvarinnar við Hverfisgötu 15.–17. apríl 2019, bls. 46. Birt á vefslóð: https://www.umbodsmadur.is/asset/10049/uma_opcat_heimsoknarskyrsla_logreglustodin_final.pdf [sótt á vef 18. ágúst 2025].

30 Sbr. 6. tölul. 3. kafla verklagsreglna lögreglustjórans á Vesturlandi frá 10. janúar 2019, um vistun handtekinnna manna (óbirtar verklagsreglur).

spurningar um hvort ef til vill kunni að vera tilefni til að endurskoða verklagið og samræma það betur við raunverulega framkvæmd. Er þá sérstaklega haft í huga það svigrúm sem ákvæði lögreglulaga veitir að þessu leyti.³¹

Lögreglu ber að skila aftur þeim munum sem hún hefur tekið í sínar vörslur enda séu ekki skilyrði til að leggja hald á þá á grundvelli löggjafar um meðferð sakamála.³² Þá skal halda til haga munaskýrslu varðandi töku og afhendingu þeirra muna sem teknir voru úr fórum handtekings manns við handtöku hans eða vistun í fangageymslu.³³

Í heimsókninni kom fram að munir sem fjarlægðir eru þegar einstaklingur fer inn í fangaklefa séu geymdir í kórfa á gólfu fyrir utan klefann. Þótt ekkert í heimsókninni hafi bent til þess að munir hefðu týnst eða farið forgörðum í vörslu lögreglu má hafa í huga að öll umgengni um fangageymslur skapar hættu á slíku. Vekur það upp spurningar um hvort núverandi geymsla muna sé nægilega örugg eða hvort æskilegra væri að haga geymslunni með öðrum hætti svo unnt sé að stýra aðgengi að mununum, svo sem með því að notast við læsta skápa, líkt og umboðsmanni er kunnugt um að notaðir séu á öðrum lögreglustöðvum.³⁴

*Umboðsmaður Alþingis beinir eftirfarandi til **lögreglustjórans á Vesturlandi** varðandi munavörslu í fangageymslum:*

Ábendingar

- *Að taka skriflegt verklag til endurskoðunar hvað varðar muni sem fjarlægðir eru úr fórum hins handtekna fyrir vistun í fangaklefa. Er þá einkum höfð í huga sú jákvæða framkvæmd sem virðist tíðkast hjá embættinu og lýst er hér að framan, að í raun sé það metið sérstaklega á einstaklingsbundnum grundvelli hvort fjarlægja þurfi muni úr fórum einstaklinga, svo sem heyrnartæki eða gleraugu.*
- *Að taka til skoðunar hvort sá háttur sem hafður er á við munavörslu sé nægilega öruggur eða hvort haga þurfi geymslu munanna með öðrum hætti, til dæmis þannig að unnt sé að stýra aðgengi að þeim með því að geyma þá í læstum hirslum.*

31 Sbr. 2. mgr. 17. gr. lögreglulaga nr. 90/1996.

32 Sbr. 3. mgr. 17. gr. lögreglulaga nr. 90/1996.

33 Sjá 23. gr. reglugerðar nr. 651/2009, um réttarstöðu handtekinna manna, yfirheyrslur hjá lögreglu o.fl.

34 Sjá meðal annars umfjöllun í Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í fangageymslu lögreglustöðvarinnar við Hverfisgötu 15.–17. apríl 2019, bls. 44. Birt á vefslóð: https://www.umbodsmadur.is/asset/10049/uma_op-cat_heimsoknarskyrsla_logreglustodin_final.pdf [sótt á vef 18. ágúst 2025].

5.4

Myndvöktun

Að baki myndvöktun í fangaklefum búa meðal annars sjónarmið um að með henni geti verið unnt að fyrirbyggja sjálfsvíg, sjálfsskaða og ofbeldisatvik. Þá getur rafrænt eftirlit með vistuðum dregið úr líkum á að þeir verði fyrir ómannlegri eða vanvirðandi meðferð af hálfu starfsfólks.³⁵ Hins vegar verður að hafa í huga að stöðug myndvöktun í fangaklefa felur í sér takmörkun á friðhelgi einkalífs hins vistaða.³⁶ Samkvæmt upplýsingum frá embætti ríkislögreglustjóra styðst myndvöktun í fangaklefum lögreglu við heimild í lögum um meðferð sakamála um að við handtöku skuli forðast að valda hinum handtekna tjóni eða baka meiri óþægindi en nauðsyn beri til. Þess beri jafnframt að gæta eftir föngum að viðkomandi geti ekki unnið tjón á sjálfum sér eða öðrum.³⁷

Myndvöktun felur í sér rafræna vöktun sem kann jafnframt að fela í sér vinnslu persónuupplýsinga. Rafræn vöktun er ávallt háð því skilyrði að hún fari fram í skýrt tilgreindum, lögmætum og málefnalegum tilgangi, svo sem í þágu öryggis eða eignavörslu. Rafræn vöktun svæðis þar sem takmarkaður hópur fólks fer um er að jafnaði jafnframt háð því skilyrði að hennar sé sérstök þörf, svo sem vegna eðlis þeirrar starfsemi sem þar fer fram. Við alla rafræna vöktun skal þess enn fremur gætt að ekki sé gengið lengra en brýna nauðsyn ber til miðað við tilgang hennar. Þá skal að því gætt að einkalífsréttur þeirra sem sæta vöktun sé virtur og forðast alla óþarfa íhlutun í einkalíf þeirra. Á þetta meðal annars við þegar tekin er ákvörðun um hvort yfirhöfuð skuli viðhafa rafræna vöktun, um umfang hennar, vinnslu persónuupplýsinga sem verða til við hana, aðgang að þeim og varðveislutíma þeirra.³⁸ Við vinnslu persónuupplýsinga þarf ábyrgðaraðili jafnframt að gæta að meginreglum sem eiga við um slíka vinnslu, svo sem um meðalhóf, lögmæti, sanngirni og nauðsyn vinnslu í ljósi tilgangs hennar.³⁹

35 Sjá *Video recording in police custody. Addressing risk factors to prevent torture and ill-treatment. Association for the Prevention of Torture (APT) and Penal Reform International*, 2015, bls. 1. Birt á vefslóð: https://www.apr.ch/sites/default/files/publications/factsheet-2_using-cctv-en_0.pdf [sótt á vef 19. ágúst 2025].

36 Sbr. dóm Mannréttindadómstóls Evrópu, MDE, *Gorlov o.fl. gegn Rússlandi*, 2. júlí 2019, mál nr. 27057/06, málsgr. 82.

37 Sbr. 2. mgr. 93. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála. Sjá *Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í fangageymslur lögreglustjórans á Norðurlandi eystra 23. og 25. maí 2022*, bls. 14. Birt á vefslóð: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10224/opcat-lne-fangageymslur.pdf> [sótt á vef 19. ágúst 2025].

38 Sbr. 3. og 4. gr. reglna nr. 50/2023, um rafræna vöktun.

39 Sjá 8. gr. laga nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Allir klefar á báðum lögreglustöðvunum eru búnir eftirlitsmyndavélum og eru áberandi merkingar um myndvöktun á veggjum klefanna. Vöktun útsendingar úr myndavélunum fer fram á skjá á varðstofu. Meðan einstaklingar vistast í fangageymslu er ávallt viðhöfð myndvöktun. Umboðsmaður hefur í fyrri skýrslum gert athugasemdir við stöðuga myndvöktun og sett fram tilmæli um að meta þurfi í hverju tilviki hvort ástæða sé til að láta handtekinn mann sæta stöðugri vöktun í ljósi grundvallarreglunnar um friðhelgi einkalífs.⁴⁰

Af því tilefni skal tekið fram að stöðug myndvöktun í fangaklefum getur verið málefnaleg, svo sem vegna ástands hins vistaða, en í sumum tilvikum hefur lögregla mjög takmarkaðar upplýsingar um það. Myndvöktun getur auk þess í einhverjum tilvikum verið vægara úrræði en að einstaklingur sé undir stöðugu rauneftirliti, svo sem þegar einstaklingur reynir að hvílast. Þó skal áréttað að myndvöktun kemur ekki í stað rauneftirlits sem getur í öðrum tilfellum verið nauðsynlegt. Í þessu ljósi og þá með tilliti til þess að vistanir í fangageymslum lögreglu vara yfirleitt aðeins í skamman tíma getur verið vandasamt fyrir lögreglu að meta hvort skilyrði til myndvöktunar séu fyrir hendi. Í þessu sambandi hefur umboðsmaður komið ábendingu á framfæri við ríkislögreglustjóra um að ástæða kunni að vera til að skoða hvort tilefni sé til að gera tillögur að almennu verklagi við myndvöktun í fangaklefum. Samkvæmt upplýsingum frá embætti ríkislögreglustjóra hefur það til skoðunar hvort kveða megi á um meginreglur við framkvæmd myndvöktunar í fangaklefum í almennum verklagsreglum um aðbúnað og lágmarksviðmið fyrir fangageymslur lögreglu.⁴¹ Í ljósi þessa mun umboðsmaður fylgjast áfram með framvindu málsins og því verður sérstakri ábendingu ekki komið á framfæri við ríkislögreglustjóra að þessu sinni.

40 Sjá kafla 4.3 í *Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í fangageymslur lögreglustjórans á Suðurnesjum 20.–21. janúar og 13.–14. febrúar 2021*, bls. 12–13. Birt á vefslóð: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10134/opcat-fangageymslur-a-sudurnesjum.pdf> [sótt á vef 19. ágúst 2025]. Sjá einnig kafla 4.3 í *Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í fangageymslur lögreglustjórans á Norðurlandi eystra 23. og 25. maí 2022*, bls. 14–17. Birt á vefslóð: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10224/opcat-lne-fangageymslur.pdf> [sótt á vef 19. ágúst 2025].

41 Sjá *Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í fangageymslur lögreglustjórans á Norðurlandi eystra 23. og 25. maí 2022*, bls. 17. Birt á vefslóð: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10224/opcat-lne-fangageymslur.pdf> [sótt á vef 19. ágúst 2025] og *Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í fangageymslu lögreglustjórans á Suðurlandi 4. júlí og 7.-8. júlí 2023*, bls. 16. Birt á vefslóð: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10284/opcat-skyrsla-fangageymsla-a-sudurlandi.pdf> [sótt á vef 19. ágúst 2025]. Sjá svör embættis ríkislögreglustjóra við *Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í fangageymslu lögreglustjórans á Suðurlandi 4. júlí og 7.-8. júlí 2023*. Birt á vefslóð: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10394/opcat-fangageymslur-sudurland-vidbr-rikislogreglustj.pdf> [sótt á 19. ágúst 2025].

Sjálfvirk upptaka er á eftirlitsmyndavélunum.⁴² Ekki er fyrir hendi skriflegt verklag varðandi geymslu og aðgang að efninu en samkvæmt núverandi framkvæmd er myndefni eytt sjálfkrafa eftir 90 daga. Hvað varðveislutíma myndefnisins varðar verður að hafa í huga að gögn úr eftirlitsmyndavélum geta haft grundvallarþýðingu ef upp kemur ágreiningur vegna atvika sem orðið hafa á meðan einstaklingur er í haldi lögreglu og því kann að vera ástæða til að varðveita myndefni í ákveðnum tilvikum. Getur það til dæmis átt við þegar kvartað er yfir meðferð í fangaklefum við eftirlitsaðila.⁴³

Við heimsókn umboðsmanns var ekki sérstök aðgangsstýring að upptökunum. Þær upplýsingar fengust að áform væru uppi um að ríkislögreglustjóri tæki við varðveislu myndefnisins og eftir breytingarnar yrði hægt að stýra aðgengi að myndefninu. Við vinnslu skýrslunnar óskaði umboðsmaður eftir upplýsingum um stöðu áformanna. Samkvæmt svörum er uppsetningu á aðgangsstýringarkerfi lokið bæði á Akranesi og í Borgarnesi. Þannig er umsjón kerfis, varsla myndefnis og aðgangsstýring nú komin til ríkislögreglustjóra vegna eftirlitsmyndavélakerfa á lögreglustöðvunum tveimur.

Umboðsmaður Alþingis beinir eftirfarandi til lögreglustjórans á Vesturlandi varðandi myndvöktun í fangageymslum:

Tilmæli

- *Að taka framkvæmd myndvöktunar til skoðunar með það í huga hvort unnt sé að haga framkvæmdinni þannig að metið sé í hverju tilviki fyrir sig hvort ástæða sé til að láta mann sem vistaður er í fangageymslu sæta stöðugri myndvöktun.*

42 Um þær reglur sem gilda um vinnslu og meðferð persónuupplýsinga við rafræna myndvöktun í fangaklefa vísast til umfjöllunar í kafla 4.3 í *Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í fangageymslur lögreglustjórans á Norðurlandi eystra 23. og 25. maí 2022*, einkum bls. 14–16. Birt á vefslóð: <https://www.umbodsmadur.is/as-set/10224/opcat-lne-fangageymslur.pdf> [sótt á vef 19. ágúst 2025].

43 Sbr. til hliðsjónar bréf umboðsmanns Alþingis frá 3. apríl 2024 í máli nr. F149/2024 sem varðaði eyðingu myndefnis úr öryggismyndavélum Fangelsisins á Litla-Hrauni. Í því áréttaði umboðsmaður það mikilvæga hlutverk sem myndvöktun getur gegnt við að fyrirbyggja ómannlega eða vanvirðandi meðferð á frelsissviptu fólki og við að hlífa starfsfólki við óréttmætum ásökunum þar um.

6 Eftirlit með vistuðum, skráning og upplýsingagjöf

6.1

Eftirlit með vistuðum

Lögregla ber ábyrgð á að gæta öryggis einstaklinga sem vistaðir eru í fangageymslu.⁴⁴ Viðhlítandi eftirlit með þeim sem vistaðir eru í fangaklefa er grunnforsenda þess að lögregla geti rækt þessa skyldu sína en flest lögregluumdæmi hafa sett sér verklagsreglur um eftirlit með vistuðum, svo sem um hvaða aðferðir eru notaðar til eftirlits og tíðni reglubundinna innlita í klefa.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglustjóranum á Vesturlandi er eftirlit með vistuðum í höndum lögreglumanna. Þegar vista þarf handtekinn einstakling í fangageymslu er kallaður út lögreglumaður til viðbótar við þá sem fyrir eru á vaktinni. Hann hefur þá það eina hlutverk að huga að þeim sem vistaður er í klefa. Gætt er að því að kalla til starfsmann sama kyns og sá sem vistaður er í fangageymslu.

Verklagsreglur lögreglustjórans á Vesturlandi eiga við um fangageymslurnar á Akranesi og í Borgarnesi. Tilgangur þeirra er að tryggja vönduð og samræmd vinnubrögð við vistun handtekinna hjá lögreglustjóranum. Samkvæmt reglunum er hlutverk varðstjóra að taka ákvörðun um vistun handtekinna manna og fylgjast með og bera ábyrgð á að eftir reglunum sé farið. Það hlutverk er eftir atvikum einnig á höndum þeirra lögreglumanna sem hafa umsjón með einstaklingum sem vistaðir eru í fangaklefa.⁴⁵

Í reglunum er ekki fjallað um hversu reglubundið almennt eftirlit með vistuðum skuli vera. Þar segir þó að stöðugt eftirlit skuli haft með einstaklingi í sjálfsvígshættu.⁴⁶ Af viðtölum við starfsfólk og skráningum í vistunarskýrslum mátti ráða að mismunandi væri hversu langur tími liði milli reglubundins rauneftirlits. Þannig viðhefðu sumir starfsmenn eftirlit á korters fresti á meðan aðrir gerðu það á hálf tíma eða jafnvel klukkutíma fresti. Í öllum klefum eru þó myndavélar og af viðtölum við starfsfólk varð ráðið að vistaðir væru undir stöðugu myndeftiliti.

⁴⁴ Sjá til dæmis 2. mgr. 13. gr. lögreglulaga nr. 90/1996.

⁴⁵ Sbr. 1. og 2. kafla verklagsreglna lögreglustjórans á Vesturlandi frá 10. janúar 2019, um vistun handtekinna manna (óbirtar verklagsreglur).

⁴⁶ Sbr. 7. tölul. 3. kafla verklagsreglnanna.

Í ljósi þess hve mislangur tími virðist líða á milli almenns eftirlits í fangageymslunum er ástæða til að leggja áherslu á að þótt myndvöktun í fangageymslum sé mikilvægur liður í því að tryggja öryggi vistaðra, til dæmis með því að gera starfsfólki kleift að fylgjast náið með einstaklingum sem teljast í sjálfsvígs- eða sjálfsskaðahættu, hafa fjölþjóðlegir aðilar bent á að eftirlitsmyndavélar í klefum komi ekki í stað rauneftirlits og ofnotkun myndvöktunar á kostnað beinna samskipta geti grafið undan viðhorfum um mannúð og mannvirðingu á stöðum þar sem frelsissviptir dvelja.⁴⁷

Í viðtölum bar starfsmönnum saman um að yfirleitt væri nægur tími til að sinna vistuðum. Það sé meðal hlutverka þess sem sinnir eftirliti með þeim sem eru í fangaklefa að bjóða viðkomandi upp á næringu, tryggja að hann skaði sig ekki og vera til taks ef hann biður um að komast á salerni. Vistuðum sé boðið upp á mat og ef viðkomandi þurfi frekari aðstoð, til dæmis að komast á salerni eða ræða við lögreglu, þá sé hægt að hringja bjöllu í klefa.

Samkvæmt upplýsingum sem fengust í heimsókninni er sá starfsmaður sem sinnir handteknum á dagvakt aldrei einn í húsi en það geti komið til þess á næturna að starfsmaður sé þar einn um stutta stund. Sé það vegna þess að aðeins sé kallaður til einn lögreglumaður aukalega á vakt vegna vistunar í fangageymslu og að aðrir lögreglumenn, sem fyrir eru á vaktinni, kunni að þurfa að sinna útkalli. Þó sé ávallt leitast við að hafa annan lögreglumann í húsi á meðan einstaklingur er vistaður þar. Að mati umboðsmanns verður að teljast óheppilegt að komið geti fyrir að starfsmaður sé einn á lögreglustöðinni þegar einstaklingur dvelur í fangageymslu, bæði út frá öryggi hins vistaða og starfsfólks sem sinnir fangavörslu, jafnvel þótt aðeins sé um skamman tíma að ræða.

Í fangageymslunni á Akranesi heyrir lágt hljóðmerki þegar ýtt er á bjöllu inni í klefa. Hljóðmerkið heyrir aðeins einu sinni þegar bjöllunni er hringt. Þá kviknar ljós á takka sem gefur til kynna í hvaða klefa viðkomandi er. Starfsmenn umboðsmanns veittu þessu athygli þegar heimsóknin fór fram í ljósi þess að um er að ræða einu leið hins vistaða til að kalla eftir aðstoð og því mikilvægt að vel heyrir í hljóðmerkinu. Í fangageymslunni í Borgarnesi var hljóðmerki aftur á móti hátt og stöðugt og ganga þarf að klefnum til að slökkva á því.

⁴⁷ Sjá *Video recording in police custody. Addressing risk factors to prevent torture and ill-treatment. Association for the Prevention of Torture (APT) og Penal Reform International*, 2015, bls. 1. Birt á vefslóð: https://www.apr.ch/sites/default/files/publications/factsheet-2_using-cctv-en_0.pdf [sótt á vef 19. ágúst 2025].

Umboðsmaður Alþingis beinir eftirfarandi **til lögreglustjórans á Vesturlandi** varðandi eftirlit með vistuðum í fangageymslum:

Tilmæli

- Að tryggja að reglubundið rauneftirlit sé haft með vistuðum í fangageymslum. Jafnframt verði tekið til skoðunar hvort tilefni sé til að hafa skriflegt verklag um framkvæmd eftirlitsins, meðal annars hversu reglubundið það skuli vera. Í þessu sambandi sé haft í huga að myndeftilrit kemur ekki í stað rauneftirlits.

Ábendingar

- Í ljósi þess að þegar bjöllu er hringt í fangaklefum á Akranesi heyrir hljóðmerki aðeins einu sinni og heyrir þar að auki illa, þyrfti að taka til skoðunar hvort unnt sé að gera breytingar sem eru til þess fallnar að tryggja að merkið berist örugglega viðtakendum, svo sem með því að hækka styrk þess og hafa það stöðugt, í stað þess að það pípi aðeins einu sinni.
- Að leita leiða til að starfsfólk sem sinnir eftirliti með vistuðum sé ekki einsamalt á lögreglustöðinni meðan einstaklingur er vistaður í fangageymslu.

6.2

Skráning

Í reglugerð um réttarstöðu handtekinna manna, yfirheyrslur hjá lögreglu o.fl. segir að rituð skuli vistunarskýrsla um vistun sérhvers manns í fangageymslu lögreglu.⁴⁸ Þar segir að eftirfarandi upplýsingar skuli koma fram í vistunarskýrslu:

- a. hver tók ákvörðun um vistun handtekins manns í fangaklefa,
- b. um muni sem voru teknir úr fótum handtekins manns áður en hann var vistaður í fangaklefa,
- c. hvort handtekinn maður bar sýnilega áverka þegar hann var færður í fangaklefa,
- d. númer fangaklefa sem handtekinn maður var færður í og innsetningarnúmer ef því er að skipta,
- e. heimsóknir verjanda og annarra,
- f. hvenær handteknum manni var borinn matur,
- g. á hvaða tímabili handtekinn maður var yfirheyrður,

48 Sbr. 22. gr. reglugerðar nr. 651/2009, um réttarstöðu handtekinna manna, yfirheyrslur hjá lögreglu o.fl.

- h. hvenær handtekinn maður var leiddur fyrir dómara,*
- i. hvenær handtekinn maður var á ný færður í fangageymslu lögreglu, ef því var að skipta eða látinn laus að skipun dómara,*
- j. hvenær handtekinn maður var færður í gæsluvarðhaldsfangelsi eða afplánunarfangelsi, ef því var að skipta,*
- k. annað er máli kann að skipta varðandi vistunina, s.s. ef handtekinn maður var færður til læknis, á sjúkrahús, á aðra lögreglustöð, til annars lögregluembættis o.s.frv.,*
- l. hvenær handtekinn maður var látinn laus.*

CPT-nefndin hefur áréttað að réttaröryggi handtekinna einstaklinga aukist til muna séu atriði sem snúa að vistuninni skráð á ítarlegan hátt á sama stað, þ.e. í sömu skýrslu. Þau atriði sem beri að skrá í vistunarskýrslu eru í stórum dráttum þau sömu og áskilin eru í reglugerð um réttarstöðu handtekinna manna, yfirheyrslur hjá lögreglu o.fl. og rakin eru hér að framan.⁴⁹

Í tengslum við undirbúning heimsóknarinnar óskaði umboðsmaður eftir afritum af vistunarskýrslum þeirra einstaklinga sem vistuðust í fangageymslu lögreglunnar yfir fjögurra vikna tímabil. Í ljósi þess hve fáar vistanir voru á tímabilinu óskaði umboðsmaður eftir upplýsingum sem næðu til fjögurra vikna tímabils til viðbótar. Alls bárust umboðsmanni afrit af sjö skýrslum en að auki fylgdu tvær vistunarskýrslur vegna vistunar barna undir 18 ára aldri.⁵⁰

Í fimm vistunarskýrslum var að finna skráningu um hvort hinn vistaði hafi haft sýnilega áverka við komu í fangaklefa. Það var mismunandi hversu ítarleg skráning var í dagbók vistunar, svo sem um hvernig eftirliti með vistuðum hefði verið háttað og hvort viðkomandi hefði verið borinn matur. Í sumum tilvikum leið langur tími á milli skráninga um innlit í klefa. Á fundi með stjórnendum kom fram að ekki væri alltaf skráð þegar eftirliti með vistuðum væri sinnt, svo sem þegar kíkt væri inn um lúgu á hurð, og kann stopul skráning um innlit að stafa af því. Af því verður hins vegar ráðið að gæta þurfi betur að skráningu reglubundins eftirlits enda mikilvægt að skráning endurspegli það eftirlit sem í raun er haft með hinum vistaða.

49 Sjá *Police Custody. Extract from the 2nd General Report of the CPT, published in 1992*, CPT/Inf(92)3-part1, málsgr. 40. Birt á vefslóð: <https://rm.coe.int/16806cea2f> [sótt á vef 19. ágúst 2025].

50 Samkvæmt upplýsingum frá lögreglustjóranum á Vesturlandi var aðeins um að ræða eina vistun einstaklings undir 18 ára aldri á því árstímabili sem beiðni umboðsmanns náði til þar sem hitt tilvikið hafi ranglega verið skráð sem vistun.

Til viðbótar þeirri skyldu að skrá muni sem lögregla tekur til varðveislu í vistunarskýrslu skal einnig rita sérstaka munaskýrslu varðandi töku og afhendingu þeirra muna sem teknir eru úr fótum handtekings manns við handtöku eða vistun í fangageymslu. Jafnframt skal afla undirritunar handtekings manns á munaskýrsluna við afhendingu munanna til baka eða gera grein fyrir því í skýrslunni ef hinn handtekni neitar að undirrita og ástæður þess, ef þær fást upp gefnar.⁵¹

Af viðtölum við starfsfólk mátti ráða að skráningu muna væri ekki alltaf sinnt þegar munir væru teknir til varðveislu. Í sex af níu vistunarskýrslum, sem bárust fyrir heimsóknina, var ekki að finna skráningu um þá muni sem teknir höfðu verið til varðveislu meðan á vistuninum stóð. Í ljósi þess óskaði umboðsmaður eftir afriti af fimm vistunar- og munaskýrslum til viðbótar við þær skýrslur sem bárust fyrir heimsóknina. Skoðun á þeim leiddi í ljós að eingöngu í einu tilviki af fimm var tekið fram hvaða munir voru teknir til varðveislu meðan á vistun í fangageymslu stóð. Munaskýrslan var hins vegar ekki undirrituð af hinum vistaða um viðtöku munanna og þar var jafnframt ekki að finna skýringar um að viðkomandi hafi neitað að undirrita hana.

Í reglugerð um réttarstöðu handtekinna manna segir að koma skuli fram í handtökuskýrslu hvaða óskir handtekinn maður setur fram um tilkynningu til vandamanns svo og hvenær og hvernig sé orðið við þeim óskum.⁵² Af fimm handtökuskýrslum sem umboðsmanni bárust bar engin þeirra með sér hverjar óskir hins handtekna hefðu verið um tilkynningu til vandamanns og þar með ekki hvort og þá hvenær vandamanni hafði verið tilkynnt um vistunina. Í sumum tilvikum varð þó ráðið af skráningu í almennum bókunum við málin að vandamenn væru meðvitaðir um handtöku, svo sem þegar þeir höfðu orðið vitni að henni. Þá var engum skráningum til að dreifa um hvort tilkynningu til vandamanns hefði í einhverjum tilvikum verið frestað, svo sem vegna rannsóknarhagsmuna.

Skýrslur sem lögregla ritar um handtöku og vistun handtekings manns skulu vera á stöðluðu formi samkvæmt ákvörðun ríkislögreglustjóra.⁵³ Í stöðluðu formi fyrir handtökuskýrslur, sem umboðsmaður fékk afrit af í tengslum við heimsóknina, er ekki gert ráð fyrir sérstakri skráningu um framangreint. Í ljósi þess að ekki er gert ráð fyrir skráningu um tilkynningu til vandamanns á skýrsluforminu í skráningarkerfi lögreglu (LÖKE) kann að vera tilefni fyrir embætti ríkislögreglustjóra að endurskoða skráningarmöguleika að þessu leyti.

51 Sbr. 23. gr. reglugerðar nr. 651/2009, um réttarstöðu handtekinna manna, yfirheyrslur hjá lögreglu o.fl.

52 Sbr. h- og i-liði 21. gr. reglugerðar nr. 651/2009, um réttarstöðu handtekinna manna, yfirheyrslur hjá lögreglu o.fl.

53 Sbr. 3. mgr. 20. gr. reglugerðar nr. 651/2009, um réttarstöðu handtekinna manna, yfirheyrslur hjá lögreglu o.fl.

Umboðsmaður Alþingis beinir eftirfarandi til **lögreglustjórans á Vesturlandi** varðandi skráningu:

Tilmæli

- Að gæta þess að þau atriði sem talin eru upp í 22. gr. reglugerðar nr. 651/2009, um réttarstöðu handtekinna manna, yfirheyrslur hjá lögreglu o.fl., séu ávallt skráð í vistunarskýrslur handtekinna.
- Að skrá ávallt það eftirlit sem haft er með vistuðum í fangaklefa.
- Að tryggja að skráning þeirra muna sem teknir eru til varðveislu lögreglu í vistunar- og munaskýrslu sé í réttu horfi og ganga úr skugga um að viðkomandi undirriti munaskýrsluna þegar hann hefur veitt munum sínum viðtöku að vistun lokinni eða gera grein fyrir því í skýrslunni ef hann neitar að undirrita og ástæður þess.
- Að skrá óskir handtekins manns um tilkynningu til vandamanns ásamt upplýsingum um hvenær og hvernig orðið er við óskum hans eða eftir atvikum um að tilkynningu til vandamanns hafi verið frestað.

Umboðsmaður Alþingis beinir eftirfarandi til **embættis ríkislögreglustjóra** um tillögun skráningar:

Ábending

- Að taka til skoðunar hvort gera ætti ráð fyrir skráningu á tilkynningu til vandamanns á stöðluðu skýrsluformi, þar með talið hvort og hvenær orðið hafi verið við óskum hins vistaða eða eftir atvikum um að tilkynningu hafi verið frestað.

6.3

Upplýsingagjöf

6.3.1

Almennt

CPT-nefndin hefur í viðmiðum sínum lagt áherslu á mikilvægi þess að menn í haldi lögreglu séu upplýstir skýrlega og tafarlaust um réttindi sín, á tungumáli sem þeir skilja.⁵⁴ Nánari umfjöllun um helstu réttarreglur og fjölbíðleg viðmið um upplýsingagjöf til manna sem vistast í haldi lögreglu má finna í skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í fangageymslu lögreglu við Hverfisgötu.⁵⁵

Samkvæmt upplýsingum úr heimsókninni er handteknum mönnum kynnt upplýsingablað handa þeim sem hefur verið handtekinn við komu á lögreglustöð.

54 Sjá *Developments concerning CPT standards in respect of police custody. Extract from the 12th General Report of the CPT*, birt árið 2002. CPT/Inf(2002)15-part, málsg. 44. Birt á vefslóð: <https://rm.coe.int/16806cd1ed> [sótt á vef 19. ágúst 2025].

55 Sjá *Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í fangageymslu lögreglu við Hverfisgötu 15.–17. apríl 2019*, bls. 75-76. Birt á vefslóð: https://www.umbodsmadur.is/asset/10049/uma_opcat_heimsoknarskyrsla_logreglustodin_final.pdf [sótt á vef 19. ágúst 2025].

Fram kom að í þeim tilvikum sem þessum upplýsingum yrði ekki komið á framfæri vegna ástands viðkomandi væri það gert þegar ástand leyfði. Þegar handtekinn maður skildi ekki íslensku fengi viðkomandi upplýsingablað á því tungumáli sem hann skildi og í þeim tilvikum sem viðkomandi skildi ekki eitt þeirra tungumála sem upplýsingablaðið hafði verið þýtt á væri kallaður til túlkur.

6.3.2

Tilkynning til náinna vandamanna

CPT-nefndin hefur lagt áherslu á að virtur sé grundvallarréttur handtekings manns til að tilkynna þriðja aðila um vistun sína í haldi lögreglu, svo sem vandamönnum, og að lögregla skuli án tafar upplýsa hinn handtekna um þann rétt.⁵⁶ Handtekinn maður sem vistaður er í fangaklefa í þágu rannsóknar á rétt á að hafa samband við nána vandamenn þegar eftir handtöku. Stjórnandi lögregluvaktar, lögreglufulltrúi, ákærandi eða annar hærra settur stjórnandi, sem ekki hefur haft aðkomu að rannsókn máls, má fresta því að hinn handtekni hafi samband við vandamenn sína ef sérstök ástæða er til að ætla að það muni torvelda rannsókn málsins. Þó skal svo fljótt sem kostur er tilkynna nánustu vandamönnum sakbornings að hann hafi verið handtekinn og hvar hann er vistaður.⁵⁷ Hvað varðar upplýsingagjöf um rétt hins vistaða til að hafa samband við nána vandamenn þá er þær upplýsingar að finna á blaði handa þeim sem hefur verið handtekinn sem er eftir atvikum kynnt handteknum við komu á lögreglustöð, eða síðar, þegar ástand leyfir.⁵⁸

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglustjóranum á Vesturlandi fer tilkynningin um vistun í fangaklefa til náins vandamanns allajafna fram með símtali. Starfsmenn umboðsmanns urðu þess áskynja í heimsókninni, meðal annars í viðtölum við starfsmenn, að ástæða kynni að vera til að árétta rétt einstaklings í haldi lögreglu til að hafa samband við náinn aðstandanda. Jafnframt að ef nauðsynlegt væri talið að fresta slíkri tilkynningu þá yrði það eingöngu gert í samræmi við fyrirmæli reglugerðarinnar sem áskilur að ákvörðun um frestun sé skrifleg og rökstudd og handteknum manni gerð grein fyrir henni og forsendum hennar.⁵⁹

Umboðsmaður Alþingis beinir eftirfarandi til lögreglustjórans á Vesturlandi um tilkynningar til náinna vandamanna:

Tilmæli

- *Að haga framkvæmd vistunar handtekinna manna í fangageymslu þannig að grundvallarréttur þeirra til að hafa samband við náinn vandamann sé tryggður.*

56 Sjá *Police custody. Extract from the 2nd General Report of the CPT, birt árið 1992. CPT/Inf(92)3-part1*, málsgr. 36-37. Birt á vefslóð: <https://rm.coe.int/16806cea2f> [sótt á vef 19. ágúst 2025].

57 Sbr. 1. og 5. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 651/2009, um réttarstöðu handtekinna manna, yfirheyrslur hjá lögreglu o.fl.

58 Sbr. 3. gr. upplýsingablaðs handa þeim sem hefur verið handtekinn.

59 Sbr. 1. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 651/2009, um réttarstöðu handtekinna manna, yfirheyrslur hjá lögreglu o.fl.

7 Starfsfólk

7.1

Almennt

Á lögreglustöðvunum í Borgarnesi og á Akranesi eru 33 stöðugildi lögreglumanna. Við heimsókn umboðsmanns Alþingis, sem fór fram á sumarleyfistíma, störfuðu til viðbótar við þessi stöðugildi einnig afleysingamenn, en sumir þeirra stunduðu nám í lögreglufræðum.⁶⁰ Lögreglumenn sinna störfum á báðum stöðvunum og er starfið skipulagt eftir þörfum. Fjórir til sex lögreglumenn eru á vakt hverju sinni. Eftir að breytingar voru gerðar á vaktavinnukerfi embættisins í kjölfar styttingar vinnuvikunnar er allajafna ekki sólarhringsvakt. Útköllum sem berast að nóttu til sinna lögreglumenn sem eru á bakvakt frá 01:00 að nóttu til 07:00 á morgnana.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglustjóranum á Vesturlandi er ekki ráðið sérstaklega í stöður þeirra sem sinna gæslu manna í fangaklefa heldur sinna vakthafandi lögreglumenn eftirliti með vistuðum.

7.2

Menntun og þjálfun

Í heimsókn umboðsmanns kom fram að 33 þeirra lögreglumanna sem störfuðu við embættið á þeim tíma sem heimsókn umboðsmanns fór fram hefðu lokið viðhlítandi lögreglunámi en 15 lögreglumenn sem störfuðu þar hefðu ekki lokið námi. Af þeim stunduðu þó níu afleysingamenn nám í lögreglufræðum. Fram kom að hvatar hefðu verið innleiddir í launakerfi embættisins fyrir starfsmenn sem stunduðu nám í lögreglufræðum og að það væri stefna embættisins að um 90% starfsmanna hefðu tilhlýðilega menntun til starfsins. Stefna embættisins er eftirtektarverð og að mati umboðsmanns jákvætt framtak af hálfu þess.

60 Í samræmi við 5. mgr. 28. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 getur ríkislögreglustjóri heimilað lögreglustjórum að ráða mann tímabundið til lögreglustarfa vegna orlofstöku, veikinda- eða slysaforfalla eða tímabundinna leyfa lögreglumanna þó að hann hafi ekki lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins eða diplómaprófi í lögreglufræðum sem jafngildir að minnsta kosti 120 stöðluðum námseiningum, þar með talið starfsnám á vegum lögreglunnar, enda fullnægi hann skilyrðum í a-, b-, c-, d- og e-lið 1. mgr. 38. gr. og enginn með próf frá Lögregluskóla ríkisins eða diplómapróf í lögreglufræðum sem jafngildir að minnsta kosti 120 stöðluðum námseiningum, þar með talið starfsnám á vegum lögreglunnar, er tiltækur í stöðuna. Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 1051/2006, um starfsstig innan lögreglunnar, eru níu starfsstig innan lögreglu. Lögreglunemar, afleysingamenn í lögreglu og héraðslögreglumenn tilheyra niunda starfsstigi lögreglu, sbr. 9. tölul. 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar.

Samkvæmt upplýsingum sem umboðsmanni bárust frá embætti lögreglustjórans er fangavarsla ekki kennd sérstaklega í námi lögreglu. Þá á engin sérhæfð þjálfun sér stað tengd vistun handtekinna manna. Lögreglumenn við afleysingar sækja nýliðanámskeið sem haldið er af lögreglunni á Suðurlandi. Þar sé hins vegar ekki vikið sérstaklega að gæslu þeirra sem vistaðir eru í fangageymslu. Þeir fái þó lágmarksskynningu á reglum sem eiga við um handtekna áður en þeir taki til starfa.⁶¹

Í viðtölum við starfsfólk kom fram að þjálfun væri í ágætu horfi og að skyndihjálparnámskeið væru haldin reglulega. Þá væru einnig verklegar æfingar fyrir lögreglumenn. Hins vegar mætti efla verklega þjálfun í valdbeitingu.

Umboðsmaður Alþingis beinir eftirfarandi til lögreglustjórans á Vesturlandi, eftir atvikum í samstarfi við ríkislögreglustjóra og dómsmálaráðherra, um þjálfun, fræðslu og sí- og endurmenntun lögreglumanna:

Tilmæli

- *Að tryggja viðunandi þjálfun, fræðslu og sí- og endurmenntun lögreglumanna, svo þeir hafi þekkingu á helstu mannréttindaviðmiðum, löggjöf og öruggum valdbeitingaraðferðum og að þar sé tekið fullnægjandi mið af þeim skyldum sem lögregla hefur við vistun handtekinna manna.*

⁶¹ Í svörum dómsmálaráðuneytisins 23. október 2025 við samskonar tilmælum umboðsmanns í skýrslu vegna heimsóknar í fangageymslu lögreglustjórans á Suðurlandi á Selfossi er tekið fram að náms efni á kennsluvef Mennta- og starfsþróunarseturs hafi verið yfirfarið áður en námskeið fyrir afleysingafólk hófst sumarið 2025. Við yfirferðina hafi sérstök áhersla verið lögð á að bæta námsefni fyrir sumarafleysingafólk sem starfar við gæslu þeirra sem vistaðir eru í fangageymslum auk þess sem kynning hafi verið tekin saman um vistun handtekinna þar. Sjá svör dómsmálaráðuneytisins við Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í fangageymslu lögreglustjórans á Suðurlandi 4. júlí og 7.-8. júlí 2023. Birt á vefslóð: <https://umbodsmadur.is/asset/10451/opcat-fangageymslur-sudurland-vidbrogd-domsmalarn.pdf> [sótt á vef 31. október 2025].

8 Heilbrigðisþjónusta

8.1

Almennt

Handteknir menn eru á ábyrgð og undir eftirliti yfirvalda meðan á dvöl í fangageymslu stendur. Því geta spurningar vaknað um skyldur lögreglunnar til að gera ráðstafanir til þess að þeir hafi aðgengi að heilbrigðisþjónustu, ef þörf krefur.

Í reglugerð um réttarstöðu handtekinna manna, yfirheyrslur hjá lögreglu o.fl. er kveðið á um að óski hinn handtekni eftir heilbrigðisþjónustu skuli kalla til lækni eða hjúkrunarfræðing eða færa hinn handtekna á heilbrigðisstofnun.⁶² Á upplýsingablaði fyrir handtekna menn, sem kynna á fyrir mönnum við komu á lögreglustöð eða þegar ástand þeirra leyfir,⁶³ er að finna upplýsingar um rétt handtekinna til að fá lækniaðstoð, þurfi þeir á henni að halda.

Handteknir einstaklingar sem færðir eru til vistunar í fangageymslu eru oft undir áhrifum vímuefna, í andlegu uppnámi eða annars konar ástandi sem kann að kalla á heilbrigðisþjónustu. Strax við komu á lögreglustöð getur verið tilefni til að leita til heilbrigðisstarfsfólks um mat á því hvort fært sé að vista viðkomandi einstakling í fangaklefa eða hvort þörf sé á sjúkrahúsinnlögnum eða annars konar heilbrigðisþjónustu. Eins getur þurft að ganga úr skugga um hvort hinn vistaði taki lyf að staðaldri og þá hvort viðkomandi þurfi á lyfjunum að halda meðan á vistuninni stendur. Komi til þess að frávik verði í heilsufari einstaklings á meðan hann dvelur í fangageymslu getur jafnframt reynst nauðsynlegt að meta hvort um sé að ræða brýna þörf fyrir lækniaðstoð eða önnur inngrip, svo sem lyfjagjöf.

Um lagareglur og fjölþjóðleg viðmið er lúta að rétti frelsissviptra manna til heilbrigðisþjónustu er vísað til umfjöllunar í skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í fangageymslu á lögreglustöðinni á Hverfisgötu.⁶⁴

⁶² Sbr. 4. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 651/2009, um réttarstöðu handtekinna manna, yfirheyrslur hjá lögreglu o.fl.

⁶³ Sjá umfjöllun í kafla 6.3.1.

⁶⁴ Sjá Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í fangageymslu lögreglu við Hverfisgötu 15.–17. apríl 2019, bls. 64–70. Birt á vefslóð: https://www.umbodsmadur.is/asset/10049/uma_opcat_heimsoknarskyrsla_logreglustodin_final.pdf [sótt á vef 19. ágúst 2025]. Sjá einnig umfjöllun í Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í fangageymslur lögreglunnar á Suðurnesjum 20.–21. janúar og 13.–14. febrúar 2021, bls. 23–26. Birt á vefslóð: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10134/opcat-fangageymslur-a-sudurnesjum.pdf> [sótt á vef 19. ágúst 2025] og í Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í fangageymslu lögreglustjórans á Norðurlandi eystra 23. og 25. maí 2022, bls. 36–39. Birt á vefslóð: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10224/opcat-lne-fangageymslur.pdf> [sótt á vef 19. ágúst 2025].

Læknisaðstoð

Í verklagsreglum lögreglustjórans segir að meta skuli ástand handtekins manns með tilliti til hvort rétt sé að lækni skoði hann. Leiki einhver vafi á um ástand þess sem vista á í fangaklefa skuli kalla til lækni, til dæmis þegar:

- a. Óvissa eða grunur er um áverka.
- b. Óvissa eða grunur er um veikindi.
- c. Ef handtekinn maður óskar sjálfur læknisaðstoðar.
- d. Ef handtekinn maður er talinn vera í sjálfsvígshættu eða geðrofi.

Í reglunum er ekki getið um í hvers hlut það fellur að leggja mat á hvort ástand vistaðra sé með þeim hætti að þörf sé á að kalla eftir lækni. Í þessu sambandi má nefna að nefnd um eftirlit með lögreglu (NEL) hefur beint þeim tilmælum til embættis ríkislögreglustjóra að setja samræmdar verklagsreglur um vistun handtekinna manna og mat á aðstæðum þegar kalla þurfi til lækni eða hjúkrunarfræðing.⁶⁵

Að sögn stjórnenda og starfsfólks lögreglustöðvarinnar hefur samstarf við heilbrigðisstarfsfólk í tengslum við aðhlyningu vistaðra almennt gengið vel. Þegar einstaklingur í fangageymslu sé metinn í þörf fyrir lækniþjónustu eða vafi sé talinn leika á um heilsufar hans sé leitað til Sjúkrahússins á Akranesi eða heilsugæslu. Yfirleitt sé framkvæmdin sú að lækni komi á lögreglustöðina til að skoða hinn handtekna en einnig séu dæmi um að farið hafi verið með vistaðan einstakling á heilbrigðisstofnun. Við læknisskoðun leitist lögreglumenn við að veita hinum vistaða næði til að ræða við lækni eða annan heilbrigðisstarfsmann í einrúmi. Framkvæmdin sé þannig að hurðinni að því rými þar sem skoðun fer fram sé hallað og lögreglumenn standi álengdar. Fari skoðun fram í myndvöktuðu rými sé almennt kveikt á myndavél en ekki á hljóðnema. Í ákveðnum tilvikum geti hins vegar komið til þess að lögregla sé viðstödd læknisskoðun en þá eingöngu þegar þess sé sérstaklega óskað, til dæmis með tilliti til öryggis heilbrigðisstarfsmanns. Þarfnist handtekinn einstaklingur í fangageymslu lyfja sé leitast við að útvega þau. Þau séu sótt á heimili eða dvalarstað viðkomandi en þegar því verði ekki komið við sé haft samband við lækni.

⁶⁵ Sbr. mál nr. NEL 18100009. Á þetta hefur áður verið bent í Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í fangageymslu lögreglustöðvarinnar við Hverfisgötu 15.–17. apríl 2019, bls. 66. Birt á vefslóð: https://www.umbodsmadur.is/asset/10049/uma_opcat_heimsoknarskyrsla_logreglustodin_final.pdf [sótt á vef 19. ágúst 2025], Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í fangageymslu lögreglustjórans á Norðurlandi eystra 23. og 25. maí 2022, bls. 36–37. Birt á vefslóð: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10224/opcat-lne-fangageymslur.pdf> [sótt á vef 19. ágúst 2025] og Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í fangageymslu lögreglustjórans á Suðurlandi 4. júlí og 7.–8. júlí 2023, bls. 36–37. Birt á vefslóð: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10284/opcat-skyrsla-fangageymsla-a-sudurlandi.pdf> [sótt á vef 19. ágúst 2025].

Fyrir heimsóknina óskaði umboðsmaður eftir upplýsingum um hversu oft hafi reynst nauðsynlegt, á árstímabili, að óska eftir aðkomu læknis eða hringja á sjúkrabíl vegna einstaklinga í haldi lögreglu. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu var læknir kallaður til í fangageymslur sjö sinnum á einu ári og í fimm tilvikum var óskað eftir sjúkrabífreid til að flytja einstakling á sjúkrastofnun. Tengdust öll tilvikin geðrænum vanda. Nánar verður vikið að heilbrigðisþjónustu fyrir einstaklinga með geðrænan vanda í haldi lögreglu í næsta kafla.

8.3

Úrræði fyrir einstaklinga með geðræn einkenni

Í öllum tilvikum sem óskað var eftir lækniþjónustu vegna handtekens einstaklings í haldi lögreglu var það vegna geðrænna veikinda. Á fundi með stjórnendum embættisins kom fram að þeir einstaklingar sem þörfuðust heilbrigðisþjónustu vegna geðrænna veikinda, svo sem sjálfsvígshugsana, ættu að vera meðhöndlaðir af heilbrigðiskerfinu fremur en að vistast í fangaklefa lögreglu.

Í fimm tilvikum af sjö var auk þess óskað eftir sjúkrabífreid í þeim tilgangi að flytja veika einstaklinga sem metnir voru í þörf á að fá geðheilbrigðisþjónustu á Landspítalanum. Almenn tæki ráð fyrir að sjúkrabíll tæki við flutningi á Landspítalanum en ef nauðsynlegt væri, svo sem vegna þess að einstaklingur væri ógnandi, gæti lögreglumaður farið með sjúkrabífreidinni. Það væri aftur á móti ekki gott aðgengi að heilbrigðisþjónustu fyrir einstaklinga í haldi lögreglu, sem eru með geðrænan vanda og í sumum tilvikum einnig undir áhrifum vímuefna, þar sem að þeim væri stundum vísað frá geðþjónustu spítalans.

Skortur á úrræðum fyrir einstaklinga sem lenda í höndum lögreglu vegna geðræns ástands og/eða vímuefnaneyslu er ekki bundinn við embætti lögreglustjórans á Vesturlandi, heldur er um að ræða umfangsmeiri vanda sem rekja má til skorts á samvinnu milli kerfa löggæslu og heilbrigðismála en einnig eftir atvikum félagsmála. Umboðsmaður Alþingis fjallaði meðal annars um áskoranir þessu tengdu í ársskýrslu sinni fyrir árið 2021 og áréttaði að til þess að menn í þessari stöðu fái þá heilbrigðisþjónustu sem þeir eiga rétt á lögum samkvæmt þurfi umræddar stofnanir, eftir atvikum fyrir atbeina hlutaðeigandi fagráðuneyta, að stilla betur saman strengi sína.⁶⁶

66 Sjá kafla 1.5 í skýrslu umboðsmanns Alþingis fyrir árið 2021, bls. 20. Birt á vefslóð: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10197/ua-arsskyrsla-2021.pdf> [sótt á vef 19. ágúst 2025].

8.4

Sjálfsvígs- og sjálfsskaðahætta

Í verklagi lögreglustjórans á Vesturlandi segir að áður en einstaklingur er færður í fangaklefa beri að framkvæma fullnægjandi öryggisleit á honum. Verklagið gerir ráð fyrir því að allir munir séu fjarlægðir og að sérstaklega sé hugað að því sem einstaklingur geti skaðað sig á, svo sem belti, skóreimum, snúrum, lyfjum, fíkniefnum og eldfærum. Enn fremur beri að hafa stöðugt eftirlit með einstaklingi sem vistast í fangageymslu og talinn er í sjálfsvígshættu og ávallt skuli hafa samband við lækni ef vistaður reynir að skaða sig. Þá beri að skrá öll frávik sem varða vistun handtekings manns í LÖKE undir málseiningunni „frávik í fangageymslu“ og þar til gerða undirflokkun.⁶⁷

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglustjóranum á Vesturlandi voru engin skráð tilvik um sjálfsskaða eða sjálfsvígstilraunir í fangaklefum. Af viðtölum við starfsfólk varð ráðið að sjálfsskaði og/eða sjálfsvígstilraunir væru ekki algengar. Hins vegar kom fram að þau tilvik sem þó kæmu upp væru ekki skráð undir sérstakri málseiningu um frávik í fangageymslu heldur bókað inn á dagbókarhluta málsins í LÖKE. Svo sem komið hefur fram í fyrri heimsóknnum umboðsmanns getur slík skráning valdið því að leita þurfi handvirkt að skráningum í dagbók í stað þess að hægt sé að kalla fram umræddar upplýsingar með skilvirkari hætti séu atvik skráð sem frávik.⁶⁸

Af verklagsreglum og viðtölum við stjórnendur varð ráðið að embættið þekkti vel til skráningarmöguleika um frávik í fangageymslu og jafnframt væri þeim kunnugt um möguleika til að vakta slíkar skráningar með tölfræðikerfi eða svonefndu mælaborði. Í heimsókninni varð hins vegar ráðið að umrædd atvik kynnu engu að síður einungis að vera skráð í almennar bókanir.

Umboðsmaður Alþingis beinir eftirfarandi til lögreglustjórans á Vesturlandi í tengslum við skráningu á frávikum í fangageymslum:

Tilmæli

- *Að tryggja að skráning um frávik í fangageymslum, svo sem um sjálfsskaðatilvik, sé í réttu horfi.*

⁶⁷ Sbr. 7. og 11. tölul. 3. kafla verklagsreglna lögreglustjórans á Vesturlandi frá 10. janúar 2019, um vistun handtekinnna manna (óbirtar verklagsreglur).

⁶⁸ Sjá Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í fangageymslur lögreglustjórans á Norðurlandi eystra 23. og 25. maí 2022, bls. 39. Birt á vefslóð: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10224/opcat-lne-fangageymslur.pdf> [sótt á vef 19. ágúst 2025].

9 Kvörtunar- og kæruleiðir

9.1

Almennt

CPT-nefndin hefur lagt áherslu á mikilvægi kvörtunar- og kæruleiða til sjálfstæðra eftirlitsaðila sem öryggisráðstöfun til að sporna gegn illri meðferð í haldi lögreglu.⁶⁹ Í fyrri skýrslum umboðsmanns Alþingis hefur ítarlega verið fjallað um kvörtunar- og kæruleiðir sem einstaklingar sem vistast í fangageymslu geta nýtt sér meðan á vistun stendur og að henni lokinni. Vísast í því sambandi einkum til skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í fangageymslu á Hverfisgötu.⁷⁰

9.2

Kvörtunar- og kæruleiðir

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglustjóranum á Vesturlandi eru mögulegar kvörtunar- og kæruleiðir vegna meðferðar eða atvika í tengslum við vistun í fangageymslu ekki kynntar handteknum mönnum sérstaklega. Láti hinn handtekni í ljós vilja til sinn til að koma á framfæri athugasemdum vegna vistunar eða meðferðar er honum aftur á móti bent á að kvarta og virtist mismunandi hvort lögreglumenn bentu í því tilliti á nefnd um eftirlit með lögreglu (NEL) eða á yfirstjórn lögreglustjórans á Vesturlandi. Í viðtölum við starfsmenn kom fram að það kynni að vera ráðlegt að láta upplýsingar um kvörtunar- og kæruleiðir koma fram á stöðluðu upplýsingablaði fyrir handtekna til að skýra möguleika þeirra til að kvarta.

Samkvæmt upplýsingum frá nefnd um eftirlit með lögreglu höfðu engin erindi borist á síðustu þremur árum fyrir heimsóknina vegna handtöku eða vistunar einstaklinga í fangageymslum lögreglustjórans á Vesturlandi.

69 Sjá *Police custody. Extract from the 2nd General Report of the CPT*, birt árið 1992. CPT/Inf(92)3-part1, málsg. 41. Birt á vefslóð: <https://rm.coe.int/16806cea2f> [sótt á vef 19. ágúst 2025].

70 Sjá *Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í fangageymslu lögreglustöðvarinnar við Hverfisgötu 15.-17. apríl 2019*, bls. 81–88. Birt á vefslóð: https://www.umbodsmadur.is/asset/10049/uma_opcat_heimsoknarskyrsla_logreglustodin_final.pdf [sótt á vef 19. ágúst 2025].

Umboðsmaður Alþingis beinir eftirfarandi til lögreglustjórans á Vesturlandi varðandi upplýsingagiöf um kvörtunar- og kæruleiðir:

Tilmæli

- *Að tryggja að upplýsingar um mögulegar kvörtunar- og kæruleiðir séu kynntar kerfisbundið og að starfsmönnum sé leiðbeint sérstaklega um hvernig gæta beri að þessum réttindum þeirra sem vistaðir eru í fanga-geymslu.*

10

Eftirfylgni

Umboðsmaður Alþingis mun áfram fylgjast með þróun mála sem og viðbrögðum lögreglustjórans á Vesturlandi, ríkislögreglustjóra og dómsmálaráðherra í kjölfar þessarar skýrslu sem getur orðið tilefni til þess að hún taki tiltekin atriði til frekari skoðunar á grundvelli OPCAT-eftirlitsins eða frumkvæðisheimildar sinnar, sbr. 5. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis.

Í ljósi réttaröryggis þeirra sem vistaðir eru í fangageymslu lögreglu og þeirra athugasemda sem settar eru fram í skýrslunni er þess óskað að lögreglustjórinn á Vesturlandi, ríkislögreglustjóri og dómsmálaráðuneytið upplýsi umboðsmann um viðbrögð við þeim tilmælum og ábendingum sem settar eru fram í skýrslunni eigi síðar en 1. maí 2026. Þannig er þess óskað að upplýst verði um hvort tilmælin og ábendingarnar leiði til einhverra aðgerða eða athafna af þeirra hálfu og þá hverra, sem og um aðrar aðgerðir sem talin er ástæða til að ráðast í af þessu tilefni.

Umboðsmaður Alþingis
www.umbodsmadur.is

Þórshamri
Templarasundi 5
101 Reykjavík